


# HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA



## ÁRSSKÝRSLA 2013

## Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2013 - 2014

**Formaður:**

Jóhanna S. Kristjánsdóttir

**Varaformaður:**

Hermann Aðalsteinsson

**Ritari:**

Halldóra Gunnarsdóttir

**Gjaldkeri:**

Jóakim Júliusson

**Meðstjórnendur:**

Birna Davíðsdóttir

Einar Ingi Hermannsson

Stefán Jónasson

**Varamenn í stjórn:**

Sigrún Marinósdóttir

Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir

Hörður Benónýsson

## Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2013

- 1 Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar
- 2 Boltafélag Húsavíkur
- 3 Golfklúbbur Húsavíkur
- 4 Golfklúbbur Mývatnssveitar
- 5 Golfklúbburinn Gljúfri
- 6 Golfklúbburinn Hvammur
- 7 Golfkúbburinn Lundur
- 8 Hestamannafélagið Feykir
- 9 Hestamannafélagið Grani
- 10 Hestamannafélagið Snæfaxi
- 11 Hestamannafélagið Þjálfi
- 12 Íþróttafélag Laugaskóla
- 13 Íþróttafélagið Magni
- 14 Íþróttafélagið Völsungur
- 15 Mývetningur íþróttá- og ungmannafélag
- 16 Skákfélagið Goðinn
- 17 Skotfélag Húsavíkur
- 18 Ungmennafélag Langnesinga
- 19 Ungmennafélagið Afturelding
- 20 Ungmennafélagið Austri
- 21 Ungmennafélag Bakkafjarðar
- 22 Ungmennafélagið Bjarmi
- 23 Ungmennafélagið Efling
- 24 Ungmennafélagið Einingin
- 25 Ungmennafélagið Gaman og alvara
- 26 Ungmennafélagið Geisli
- 27 Ungmennafélagið Leifur Heppni
- 28 Ungmennafélag Reykhverfunga
- 29 Ungmennafélagið Snörtur
- 30 Ungmennafélag Tjörnesinga
- 31 Ungmennafélag Öxfirðinga

## Skýrsla stjórnar HSP

### Ágætu félagar

Hjartanlega velkomin á ársþing HSP sem haldið er í íþróttahúsinu á Laugum 23. mars 2014. Við val á staðsetningu þessa ársþings komu ekki margir staðir til greina þar sem HSP fagnar aldarafmæli sínu á þessu herrans ári 2014. Félagsmenn HSP lögðu mikið af mörkum við að byggja upp héraðsskóla og íþróttamannvirki hér að Laugum og er saga HSP og Laugaskóla samtvinnuð á margan hátt.



HSP á sér langa og merka sögu. Það var stofnað á Breiðumýri 31. október 1914 og hét þá Samband þingeyskra ungmennafélaga.

Átta félög voru stofnendur, en það voru:

Umf. Æskan, Svalbarðsströnd

Umf. Bjarmi, Fnjóskadal

Umf. Einingin, Bárðardal

Umf. Mývetningur, Mývatnssveit

Umf. Efling, Reykjadal

Umf. Ófeigur í Skorðum, Húsavík

Umf. Tjörness, Tjörnesi

Árið 1941 var boðið til fundar að Laugum og skipt um nafn á

féluginu í Þingeying. Margir voru óánægðir með þetta nafn og á aðalfundi Þingeyings 1944 var nafni sambandsins breytt aftur og hét eftir það Hérðassamband Suður-Þingeyinga.

Ungmennasamband Norður-Þingeyinga var stofnað 1937. Við sameiningu HSP og UNP árið 2008 fékk hið nýja sameinaða samband heitið Hérðassamband Þingeyinga, skammstafað HSP. Stofnár „gamla“ HSP var látið halda sér í hinu nýja sameinaða félagi þar sem það var mun eldra en UNP og venja er að haldið sé í eldra stofnár félaga sem sameinast.

Í tengslum við aldarafmælið hefur verið að störfum afmælisnefnd sem hefur með afmælisviðburði HSP að gera. Stærsti einstaka viðburðurinn á afmælisárinu er Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður á Húsavík og hluta til í Þingeyjarsveit dagana 20.-22.júní. Þessa helgi er mikilvægt að félagar í öllum aðildarfélögum HSP taki virkan þátt og sýni samtakamátt Þingeyinga í verki. Þetta verður skemmtileg helgi þar sem við tökum á móti fjölmörgum keppendum og gestum. Keppt verður í 18 greinum, allt frá frjálsíþróttum, skotfimi, starfsíþróttum til stígvélakasts. Þetta mótt er íþróttá- og heilsuhátið og verður því boðið uppá ýmsa fyrirlestra sem og heilsufarsmælingar. Mikið verður lagt uppúr skemmtidagskrá sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í. Í tengslum við þetta gefst aðildarfélögum HSP tækifæri til að vera með sölu á varningi og veigum. Þeir sem hafa áhuga á vera með veitinga- eða aðra varningssölu eru beðnir um að setja sig í samband við Landsmótsnefnd UMFÍ 50+.

Á vordögum verður hlaupið áheitahlaup um sambandssvæðið þvert og endilangt, til að kynna sambandið og mótið, vekja athygli á almenningsíþróttum og gildi þess að hreyfa sig. Aðrir stórir þættir í tengslum við afmælisárið er ritun bókar um seinni 50 árin í starfi HSP, en fyrir er til bók um árin 1914-1964. Saga UNP verður hluti af þessari bók. Ritstjóri er Björn Ingólfsson. Áætlað er að bókin komi út seinni hlutann í nóvember á þessu ári og því tilvalin jölagjöf um næstu jól. Söguþýning HSP verður sett upp í Safnahúsinu á Húsavík og mun hún standa frá júníþyrjun og fram yfir Mærudaga. Verið er að leita að munum, myndum, upptökum, keppnisbúningum og öðru efni sem tengist starfsemi HSP á síðustu 100 árum. Ef þið hafið í fórum ykkar eða vitið um muni sem ættu heima á safninu þá megið þið koma þeim á skrifstofu HSP við fyrsta hentugleika. Afmælishátið verður svo haldin hér að Laugum

2. nóvember og verður þar margt um manninn og mikið til skemmtunar. Þessa dagsetningu megið þið gjarnan taka strax frá, en mikilvægt er að við fögnum þessum tímamótum saman.

**Fundir og námskeið**

Stjórn HSP fundaði einu sinni í hverjum mánuði á árinu 2013. Stjórnin fór um allt starfssvæðið og hitti aðildarfélög, nefndir og ráð. Prófað var að nota tæknina við síðasta fundinn á árinu og haldinn svo kallaður Skypefundur. Stjórn fannst þessi kostur ekki hafa heppnast neitt sérstaklega vel, en möguleiki er á að halda stöku fund í gegnum tölvurnar til að minnka kostnað við stjórnarfundi. Hins vegar hefur það sýnt sig hve mikilvægt er að fara um starfssvæðið og hitta aðildarfélögin og efla þannig samstarfið. Í nútíma samfélagi er mikilvægt að samtalið maður á mann gleymist ekki og allt fari í gegnum skoðanaskipti á netmiðlum. Eitt af markmiðum héraðssambandsins er að efla félagsþroskann og til þess þurfa menn að hittast, vera saman og tala saman. Einn liður í þessu var að HSP hélt nokkur grunnnaðarskeið í félagsmálum sem Halldóra Gunnarsdóttir hélt utanum og einnig fengum við námskeið frá Leiðtugaskóla UMFÍ í félagsmálafræðslu. Námskeið Leiðtugaskólans var haldið í samvinnu við kvenfélaga- og búnaðarsamböndin í Þingeyjarsýslum. Öll námskeiðin voru í boði fyrir alla sem vildu efla sig í félagsmálum, hvort sem þeir voru félagsmenn í HSP eða ekki. Námskeiðin voru þáttakendum að kostnaðarlausu. Viljum við þakka öllum þeim sem komu að þessum námskeiðum með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir. Ljóst er að svona námskeið efla félagsstarfið til muna og þeir sem sækja námskeiðin koma mun öflugri til leiks hvar sem þeir koma að félagsmálum.

Formannafundur HSP var haldinn 29. maí á Húsavík. Fundurinn var vel sóttur, en þar var farið yfir verkefni HSP, nefndarstarf, fræðsla um skilgreiningu á deildum, tölulegar upplýsingar um félagið ofl. Þar kom m.a. fram að innan HSP eru 31 aðildarfélag og 27 þeirra eru virk félög. Samkvæmt félagatali Felix (október 2013) er heildarfjöldi iðkenda samtals 2.009 og þar af eru 803 börn yngri en 16 ára.

HSP fékk nýjan bókara á árinu 2013. Rósa Bachmann létt af störfum og þökkuðum við henni fyrir vel unnin störf á stjórnarfundi fyrr á árinu 2013 og færðum henni þakkargjöf. Arndís Jóna Þorsteinsdóttir tók við af henni og hefur gjaldkeri átt gott samstarf við nýjan bókara. Stjórn HSP samþykkti á stjórnarfundi 27. ágúst að greiða út lottóstyrki frá fyrstu 4 mánuðum ársins. Aðildarfélögin fengu því greidda þessa mánuði í lok árs 2013, en miðað var við félagatal Felix frá október 2013 við útreikningana. Vonir stóðu til að þetta myndi koma sér vel fyrir aðildarfélögin.

Stjórnarmenn HSP sóttu íþróttabing ÍSÍ, formannafund UMFÍ og ÍSÍ, sambandsþing UMFÍ, auk fjölda annarra óformlegri funda og samstarfs við ÍSÍ og UMFÍ. Vorfundur UMFÍ var haldinn á Húsavík 11. maí, en það var stefnumótandi ráðstefna um Landsmót UMFÍ. HSP átti marga fulltrúa á fundinum sem komu sínum sjónarmiðum á framfæri.

Við heiðruðum minningu Ólafs E. Rafnssonar, forseta ÍSÍ sem lést langt fyrir aldur fram sumarið 2013, með minningargrein, formaður var viðstaddir útför Ólafs og gáfum fjármuni í minningarsjóð Ólafs.

Nú vil ég biðja þingfulltrúa að rísa úr sætum og minnast Ólafs E. Rafnssonar með stuttri þögn.

**Mótahald**

Frjálsíþróttaráð hélt innanhússmót á Húsavík í mars, frjálsíþróttaskóla á Laugum í júní, Sumarleika HSP í júlí á Laugum og innanhússmót á Húsavík í nóvember. Sjá nánar í skýrslu frjálsíþróttaráðs.

Héraðsmót í sundi var haldið á Laugum í nóvember í fimbulkulda, en gekk hratt og örugglega fyrir sig.

Héraðsmót í skák var haldið á vegum Skákfélagsins Goðans.

HSP sá um framkvæmd haustmóts Glímusambands Íslands sem haldið var á Laugum í nóvember.

#### Landsmótsárið mikla

Það sem einkenndi árið 2013 voru landsmót UMFÍ. Þrjú landsmót voru haldin síðastliðið sumar, en það voru Landsmót UMFÍ 50+ í Vík í Mýrdal, haldið í byrjun júní, Landsmót UMFÍ, haldið á Selfossi í byrjun júlí, og svo Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Höfn um verslunarmannahelgina. Gefinn var út bæklingur um HSP og kynnt þar sérstaklega Landsmótin á vegum UMFÍ og einnig verkefni HSP á vegum nefnda og ráðs. Bæklingurinn var sendur inn á öll heimili á starfssvæði HSP. Vel gekk að afla styrkja í bæklinginn og fyrir þátttöku HSP á Landsmótið á Selfossi og Unglingalandsmótið.

HSP átti 50 keppendur á Landsmótinu á Selfossi og náði þar mjög góðum árangri. Kom heim með bikar í mótorcrossi og skák. HSP náði þeim árangri að vera næst hæsta liðið af landsbyggðinni í stigakeppninni og er það vel.

Á Unglingalandsmótinu áttum við 30 keppendur og eignuðumst 11 unglingalandsmotsmeistara (sjá nánar í skýrslu ULM nefndar). Útbúinn var nýr HSP jakki sem er merktur með ártölunum 1914-2014 undir merki (logoi) HSP. Þessi jakki var vígður af keppendum HSP á Landsmótinu á Selfossi. Keppendur á Unglingalandsmótinu voru margir hverjur einnig í þessum jökkum, en þeir eru samstæðir við frjálsíþrótttagalla HSP. Jakkarnir eru til sölu á skrifstofu HSP og eru verulega niðurgreiddir, en Sparisjóður Suður-Þingeyinga er styrktaraðili að þessum jökkum. HSP bolir sem notaðir hafa verið á Unglingalandsmótum síðustu ára kláruðust á Höfn, en verið er að vinna að því að fá styrktaraðila að nýjum bolum.

Kæru félagar, fyrir hönd stjórnar HSP þakka ég fyrir skemmtilegt og viðburðarákt ár 2013 og hlakka til samstarfs við ykkur á þessu merka aldarafmælisári HSP.

*Jóhanna S. Kristjánsdóttir  
formaður HSP*

## Stjórn HSP 2013

Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Umf. Geisla, formaður

Hermann Aðalsteinsson, Skákfélagit Goðanum, varaformaður

Jóakim Júlíusson, Íþf. Völsungi, gjaldkeri

Halldóra Gunnarsdóttir, Umf. Langnesinga, ritari

Birna Davíðsdóttir, Umf. Bjarma, meðstjórnandi

Einar Ingi Hermannsson, Umf Einingunni, meðstjórnandi

Stefán Jónasson, Umf Tjörnesinga, meðstjórnandi

Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir, Umf. Leifi heppna, varamaður

Sigrún Marinósdóttir, Umf Geisla, varamaður

Hörður Þór Benónýsson, Umf. Eflingu, varamaður



## Almenningsíþróttanefnd

Nefndina skipa:

Guðrún Brynleifsdóttir Mývetningi  
Bjarni Jónasson Mývetningi

Nefndin uppfærði á árinu veggspjaldið „Viltu hreyfa þig í Þingeyjarsýslum?“ og dreifði á svæði HSP. Veggspjaldinu er ætlað að vekja athygli á því sem almenningi stendur til boða, vilji fólk hreyfa sig í Þingeyjarsýslum.

Almenningsíþróttanefnd hefur einnig það hlutverk að velja annað af tveimur fjöllum Þingeyjarsýslu í verkefninu „Fjölskyldan á fjallið“. Hitt fjallið velur Ferðafélagið Norðurslóð. Fjöll ársins 2013 voru Kollufjall við Kópasker og Vindbelgjarfjall í Mývatnssveit.

Í lok apríl var farið með gestabókarkassa á Kollufjallið. 18 þátttakendur voru með í þeirri göngu, sú yngsta var hnáta á fyrsta árinu. Alls höfðu 77 nöfn verið skrifuð í gestabókina á Kollufjalli þegar hún var sótt í október, og margar skemmtilegar athugasemdir, veðurlýsingar og fleira gott. Þessa vísu skrifaði Erla Ingólfssdóttir 16. júní :

*Á sólbjörtum sunnudegi  
sáum hér vítt um kring.  
Falleg, það satt ég segi  
sveitin með fjallahring.*

Um miðjan júní fóru þær Elín Sigurborg framkvæmdastjóri HSP og Birna Davíðsdóttir stjórnarmaður HSP og tengiliður við almenningsíþróttanefnd með gestabókarkassa á Vindbelgjarfjall í Mývatnssveit.

Veðrið var eins og best varð á kosið - en því fylgdi hvimleiður ófögnuður sem Mývatnssveit er vel þekkt fyrir – rykmý. Við mikinn hildarleik tókst görpunum að komast í gegnum rykmýs-strókana og upp í hlíðar fjallsins, en þar fór vindur að blása og nánast allar flugur út í veður og vind. Um sumarið skrifuðu svo margir að bókin sprakkl! Gestabækurnar voru sendar í happdrættispottinn hjá UMFÍ í haust.

Fjöll ársins 2014 í Þingeyjarsýslu verða Eyjan í Ásbyrgi og Gunnólfsvíkurfjall við Bakkaflöa.

Almenningsíþróttanefnd hefur tekið að sér að skipuleggja áheitahlaup sem framkvæmt verður á svæði HSP frá Grenivík í vestri til Bakkafjarðar í austri, í tilefni af 100 ára afmæli héraðssambandsins á árinu 2014. Ætlunin er að framkvæmdin verði í höndum aðildarfélaga HSP og áheitin renni til þeirra.



## Frjálsíþróttaráð HSP

Frjálsíþróttastarf allra ungmannafélaga í héraðinu hefur verið undir einni sameiginlegri stjórn og starfar undir merkjum HSP síðan 2008.

Frjálsíþróttastarf í héraði hefur átt frekar erfitt uppdráttar á liðnu ári miðað við síðust ár hvað varðar fjölda keppenda og þá sérstaklega í eldri floknum sérstaklega eftir því sem leið á árið. Við hófum árið með nokkuð sterkum hót iðkenda 10 ára og eldri er æfði á Húsavík undir dyggri stjórn Jóns Benónýssonar (Bróa) 2x í viku. Austan menn komu 1x í viku og Brói tók iðkendur úr sveitnum með sér á æfingar.

Mikill fjöldi var einnig á yngri æfingunum á Húsavík eða um og yfir 20 krakkar. Þar voru þjálfara Selmdís Þráinsdóttir, en hún kom aftur til starfa um áramót og henni til aðstoðar var Jana Björg Róberts dóttir og Hjörvar Gunnarsson en þau þjálfuðu hótinn fyrir áramót í fjarveru hennar.

Stefnt var á að fara suður með nokkuð stóran hót á Stórmót ÍR en vegna veðurs varð stærsti hluti keppenda frá að hverfa. Þeir sem komust stóðu sig með prýði og unnu m.a. Atli Barkarson, Brynjar Örn Arnarsson og Arnhildur Ingvars dóttir til verðlauna.

HSP sendi keppendur á bæði MI mótin innanhús. Á MI 11-14 fóru rúmlega 10 keppendur og kom Hafdíð Dröfn með heim með silfurverðlaun í 800 og stelpusveit varð í 2. sæti í 200 m. boðhlaupi. Á MI 15-22 ára fóru 4 keppendur og varð Brynjar Örn Arnarson Íslandsmeistari í 60 m grindarhlaupi og náði bronsverðlaunum í 60 m hlaupi. Elvar Baldvinsson varð annar í 60 m grind og þriðji í hástökki.

Æfingar héldu svo áfram á Laugum yfir sumrið 2x í viku. Iðkendafjöldinn hafði fækkað all verulega og stunduðu m.a. mun færri æfingar frá Húsavík en síðustu sumur. Það voru því ekki margir keppendur sem fóru frá okkur á Meistaramótin. Tveir keppendur fóru á MI 11-14 sem haldið var í Hafnarfirði og varð Páll Vilberg Róbertsson í 2. sæti í kúluvarpi. Á MI 15-22 sem haldið var á Kópavogsvelli fóru þrír keppendur og náðu ekki verðlaunasæti að þessu sinni. Vegna mikils áhuga hjá yngri krökkkunum í vetur á Húsavík, var ákveðið að bjóða aftur upp á æfingar á Laugum 2x í viku og jafnframt hafa æfingu á Húsavík 1x í viku. Skemmt frá því að segja að ekkert varð úr æfingum á Húsavík, enda aðstaðan mjög bágborin og aðrar íþróttæfingar með betri aðstöðu í boði. Æfingarnar á Laugum gengu betur, en svipað og í eldri hótum komu mun færri á þær frá Húsavík en sumarið áður. En iðkendur úr Reykjadal, Mývatnssveit, Bárðardal og Fnjóskadal komu á þessar æfingarnar. Þjálfari var Selmdís Þráinsdóttir og þökkum við henni kærlega fyrir gott starf á árinu en hún fór svo suður í skóla í haust.

Af afreksfólki innan okkar raða var Þorsteinn Ingvarsson búinn að eiga við meiðsli en var allur að koma til á árinu. Hann varð Íslandsmeistari í langstökk innanhús stökk 7,53 en náði ekki EM lágmarkinu sem hann hafði gert sér vonir um. Hann var valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum sem fóru fram í Luxemborg í lok maí. Þar náði Þorsteinn þriðja sæti með stökk upp á 7,14 cm. Þorsteinn vann langstökkkeppnina á Landsmóti UMFÍ í summar. Hann stökk lengst 7,16 og var eini keppandinn sem fór yfir 7 metrana en það gerði hann 3x. Hann var mjög óheppinn með veður á meðan á keppninni stóð en mikill vindur var. Þorsteinn hefur verið valinn í landliðshót í frjálsum fyrir árið 2014. Vonandi heldur hann áfram að standa sig vel.

Auður Gauksdóttir var í hópi Norðurlands fyrir bikamót FRÍ innanhúss.

Vegna breytinga á lágmörkum eignum við að þessu sinni einn keppanda í Úrvalshópi FRÍ (Frjálsíþróttasambandi Íslands) unglings 14-22 ára en það er Marta Sif Baldvinssdóttir Mývatnssveit í kúluvarpi.

Aftur tókum við að okkur að halda Frjálsíþróttaskóla UMFÍ og fór hann fram á Laugum í júní. Alls tóku 11 krakkar af starfssvæði HSP þátt á aldrinum 11 - 14 ára. Þjálfarar voru Brói, Selmdís og Hjörvar en foreldrar skiptust á að sjá um matarundirbúning og viðveru. Sumarleikar HSP 2012 voru haldnir á Laugum helgina 20-21. júlí, heldur seinna en oft áður. Fínasta veður var á mótinu og tókust þeir með ágætum, þrátt fyrir að starfsmenn frá féluginu væru heldur af skornum skammti. Ekki gott að hafa móti á þessum annatíma í sumarfríum fólks. Á mótið mættu um 190 keppendur til leiks, frá 13 félögum þar af 32 frá HSP. Keppendur

okkar stóðu sig með prýði og tóku fleiri yngri og óreyndari keppendur þátt en oft áður. Það er gaman að sjá hvað Sumarleikar HSP skipa orðið stóran sess hjá frjálsíþróttafélögum á Norðurlandi en mörg þeirra fjlölmenna á mótið.

Á Nóvembermótinu veittum við svo verðlaun fyrir stigahæstu keppendur á Sumarleikunum innan HSP. Þau verðlaun komu í hlut Brynjars Arnar Arnarsson fyrir grindahlaup og Auði Gauksdóttur fyrir hástökk.

Unglingalandsmóti UMFÍ var haldið á Höfn í Hornarfirði um



Frjálsíþróttafólk HSP á landsmóti UMFÍ á Selfossi,  
Brynjar Örn, Brói, Arna Dröfn, Auður og Þorsteinn

verslunarmannahelgina og þar átti HSP 22 keppendur í frjálsum íþróttum.

Frjálsíþróttakrakkarnir okkar stóðu sig ágætlega og kom með 3 verðlaun, 1 gull og 2 brons. Atli varð unglingslandsmótsmeistari í kúluvarpi og Katla María Kristjánsdóttir vann bronsverðlaun í langstökki. Stúlnasveit okkar vann svo brons í boðhlaupi

Í október hófum við svo aftur æfingar eftir gott haustfrí og eru núna æfingar á Húsavík 2x í viku fyrir eldri hópinn. Breyting er á að Brói kemur bara aðra æfinguna en um hina sér Hjörvar Gunnarsson. Brói er svo með æfingu á Laugum 1x í viku og ganga þær vel og er góð mæting. Æfingar fyrir 9 ára og yngri eru 2x í viku og eru þjálfarar Jana Björg Róbertsdóttir, Dagbjört Ingvarsdóttir og Sunna Guðbergssdóttir. Gífurleg aukning hefur verið í þessum aldurshópi og mættu margir nýir keppendur til leiks á Nóvembermótinu okkar.

Eftir mjög annasamt ár lítum við um öxl og sjáum að eitthvað verður að gera til þess að fá iðkendur til að staldra lengur við hjá okkur í frjálsum! Við erum að "toppa" í fjölda á veturna en þegar kemur að því að njóta afraksturs æfinga yfir veturninn og keppa úti við bestu aðstæður fyrir frjálsar eru margir keppendur á bak og burt. 😊

Að lokum viljum við þakka þjálfurum okkar fyrir árið og þá sérstaklega Bróa fyrir hans frábæra og ómetanlegt starf, foreldrahópnum fyrir vel unnin störf á móti ársins en án hans er þetta ekki hægt og svo öllum sem hafa styrkt okkur á árinu.

Fyrir hönd frjálsra íþrótta í héraði  
Ágústa Pálsdóttir Völsungi

Hulda Skarphéðinsdóttir Umf. Einingunni  
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir Umf. Leifi heppna  
Arna Ásgeirsdóttir Völsungi  
Lilja Hrund Harðardóttir Völsungi

## Rekstrarreikningur Frjálsíþróttaráðs 2013

### Tekjur

Æfingagjöld	958.083
Skráningargjöld	413.528
Mót utan svæðis - hlutur keppenda	59.000
Íþróttaskóli	431.065
Dagatal styrkir	483.702
Dagatal sala	492.400
Styrkir frá HSP vegna FRÍ gjalda	237.000
Styrkur úr Ferðasjóði ÍSÍ	101.866
Sjoppa	141.652
Gallar og sokkar	38.000
Jólápappír	133.000
Vaxtatekjur	4.672
<b>Samtals tekjur</b>	<b>3.493.968</b>

### Gjöld

Æfingagjöld utan félags	67.500
Þjálfaralaun	1.966.500
Skráningargjöld	73.300
Mót utan svæðis	85.825
Mót innan svæðis	19.267
Íþróttaskóli	122.305
Dagatal, prentun og póstburðargjald	331.263
Sjoppa	51.252
Verðlaun	158.665
Gjald til FRÍ	239.000
Ýmis kostnaður	18.681
Fjármagnstekjuskattur	934
Þjónustugjöld	39.270
<b>Samtals</b>	<b>3.493.968</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>3.173.762</b>
<b>Samtals</b>	<b>3.493.968</b>
	<b>320.206</b>
<b>Samtals</b>	<b>3.493.968</b>

### Efnahagsreikningur 2013

	Staða í ársbyrjun	Staða í árslok
Sparisjóður Suður Þingeyinga	425.794	746.000
Hagnaður	320.206	
<b>Samtals</b>	<b>746.000</b>	<b>746.000</b>

1/3/14 Sigrún Þórhalla Þórhansd.

Dags. Gjaldkeri

17/2/14 Erla Bjarnad

Dags. Skoðunarmaður

28/2/14 Þorlák Þorláksson

Dags. Skoðunarmaður

## Afmælisnefnd og sögu- og minjanefnd HSP

Formleg starfsemi sögu- og minjanefndar var engin á árinu 2013 en sömu aðilar eru að mestu í báðum nefndum.

Afmælisnefnd HSP fundaði 2 á árinu og skipti með sér verkum en hlutverk hennar er að skipuleggja afmælishátíð, gefa út bók um sögu HSP í 100 ár auk annars.

Afmælishátíðin er fyrirhuguð 2. nóvember 2014 frá kl. 14 - 18 í Íþróttahúsinu á Laugum.

Formleg stofnun gamla HSP er 31. október 1914 og nefndin er sammála að sunnudagur sé heppilegasti dagur vikunnar. Unnið er að því að skipuleggja dagskrá hótíðarinnar.

Björn Ingólfsson á Grenivík hefur tekið að sér að vera ritstjóri bókarinnar og eru nokkrir aðilar einnig að skrifa kafla í bókina.

Fyrirhuguð er sögusýning á Safnahúsinu á Húsavík í sumar samhliða Landsmóti 50+ á Húsavík.

Pennar og lyklakippur með merki HSP og ártölunum verða til sölu á árinu.

Læt ég þetta duga um starfsemi afmælisnefndar HSP.

Eftirtaldir eru í og starfa með nefndinni: Haraldur Bóasson, Björn Ingólfsson, Brynjar Halldórsson, Hólmfríður Halldórsdóttir, Arngrímur Geirsson, Stefán Eggertsson, Þormóður Ásvaldsson auk formanns, framkvæmdastjóra og tengiliðar stjórnar, Hermanns Aðalsteinssonar.

Haraldur Bóasson

## Fræðslusjóður

Stjórn HSP annast úthlutanir úr fræðslusjóði. Markmið sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttareinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með öllum þeim ráðum sem stjórn sambandsins álítur íþróttar- og félagslífi í heraði til framdráttar.

Samtals voru veittir styrkir að upphæð kr. 120.000,-

Eftirtaldir fengu styrk úr fræðslusjóði HSP árið 2013:

Erlini styrkun  
í Fræðslu  
Sjóði

- Frjálsíþróttaráð HSP v/ kynningar/auglýsinga í tengslum við Frjálsíþróttaskóla UMFÍ >
- Sunddeild Völsungs v/ 2. stigs þjálfaranámskeiðs ÍSÍ
  - Valgerður Jósefsdóttir
- Íþróttafélagið Völsungur v/ 4. stigs og 5. stigs þjálfaranámskeiðs KSÍ
  - Aðalsteinn J Friðriksson
  - Kristján G. Óskarsson
  - Guðmundur Óli Steingrímsson
  - Ingvar Björn Guðlaugsson
- Héraðssamband Þingeyinga
  - Grunnnámskeið í félagsmálum

## Landsmótsnefnd vegna landsmóts UMFÍ 2013

Í nefndinni voru:

Halldóra Gunnarsdóttir, Umf. Langnesinga, formaður  
Ingólfur Víðir Ingólfsson, Umf. Einingunni, ritari  
Jóakim Júlíusson, Íþf. Völsungi, gjaldkeri  
Jóhanna Kristjánsdóttir, Umf. Geisla  
Kristján Þ. Halldórsson, Umf. Snerti



27.LANDSMÓT  
UMFÍ

Nefndin hélt fyrsta fund í ágúst 2011 og alls urðu fundirnir átta á timabilinu. Mikil vinna var lögð í kynningarstarf fyrir mótið, þar sem langt var um liðið síðan HSP sendi lið á landsmót af fullum krafti og hefð fyrir þátttöku í mótinu að nokkru horfin á sambandssvæðinu. Meðal annars voru skrifaðar greinar í heráðsblöð og kynningarbæklingur um mótið var sendur inn á hvert heimili á svæðinu skömmu fyrir mótið. Gefinn var út ferðabæklingur með helstu upplýsingum um mótið sem allir landsmótsfarar fengu afhentan.

Nefndarmenn skiptu á milli sín keppnisgreinum og fundu tengiliði við hverja grein. Þetta vinnulag gaf góða raun. Leitað var til fyrirtækja á sambandssvæðinu um stuðning við verkefnið og voru viðtökur góðar. Farin var sú leið að einstök íþróttalið fóru í boði fyrirækja á mótið. Öllum samstarfsaðilum sem studdu landsmótsþátttöku HSP 2013 er þakkað dýrmætt samstarf, en hverjir þeir voru má sjá annars staðar í skýrslunni.

Á landsmótinu átti HSP keppendur í blaki karla og kvenna, bridds, frjálsíþróttum, motocross, skák, skotíþróttum, starfsíþróttum (þönnukökubakstri, stafsetningu og starfshlaupi) og sundi, alls um 50 manns. HSP sigraði í motocross og skák, blakliðin urðu bæði í þriðja sæti og það sama gerði briddssveitin. Þorsteinn Ingvarson sigraði í langstökki. Aðrir keppendur stóðu sig vel og voru duglegir í stigasöfnun. Alls hlaut HSP 430.5 stig og var það talsvert meira en nágannasambönd til austurs og vesturs sem voru helstu keppinautar okkar.



Formaður og framkvæmdastjóri HSP strekkja stög og bjarga samkomutjaldinu í sterkum útsynningi á Selfossi

ráðin. Hið hefðbundna grill í mótslok var á sínum stað. Góður liðsandi ríkti meðal þingeyinga á mótinu þrátt fyrir veðrið.

Landsmótsnefnd þakkar gott samstarf og ánægjuleg samskipti við tengiliði, keppnisfólk og stuðningslið á 27. landsmóti UMFÍ á Selfossi 2013.

F.h. landsmótsnefndar HSP,  
Halldóra Gunnarsdóttir

## Landsmótsnefnd UMFÍ 50+

Dagana 20.-22. júní 2014 fer fram Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík. Mótið er stærsti viðburðurinn sem haldinn er í tengslum við 100 ára afmæli HSP. Landsmót 50+ árið 2014 er samstarfsverkefni UMFÍ, HSP, Norðurþings og Þingeyjarsveitar. Mótið fer að mestu fram á Húsavík, en einnig að hluta til í Reykjadal.

### Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ skipa:

Bergur E. Ágústsson (formaður), Norðurþing;  
Jóhanna S. Kristjánsdóttir (varaformaður), HSP;  
Magnús Þorvaldsson (gjaldkeri), HSP;  
Hermann Aðalsteinsson (ritari), HSP;  
Anna S. Mikaelsdóttir, HSP;  
Torphildur G. Sigurðardóttir, HSP;  
Baldur Daníelsson, UMFÍ;  
Hjálmar Bogi Haflidason, Norðurþing.

Framkvæmdastjóri 50+ er Sigurður Guðmundsson, UMFÍ og með nefndinni starfar Elín S. Harðardóttir, framkvæmdastjóri HSP.

Fyrsti formlegi fundur nefndarinnar var 5. febrúar 2013. Alls voru haldnir 5 formlegir fundir árið 2013, en margir óformlegir.

Haldið var boccia námskeið á Húsavík í nóvember og var það vel sótt þrátt fyrir vont veður þann dag. Unnið var að því að sækja um hina ýmsu styrki fyrir mótið. Fundnir sérgreinastjórar og byrjað að undirbúa þá, en alls verður keppt í 17 greinum: almenningshláupi, boccia, bridds, bogfimi, blaki, ringó, frjálsíþróttum, hestaíþróttum, línudansi, golfi og pútti, skák, starfsíþróttum, skotfimi, sundi, sýningum, stígvélakasti og þríbraut.

Landsmót UMFÍ 50+ er íþróta- og heilsuhátið þar sem saman fer keppni í hinum ýmsu greinum, fræðsla um heilbrigtr lífneri og heilsufarsmælingar. Auk þess verður margt til skemmtunar og er Hjálmar Bogi Haflidason skemmtanastjóri nefndarinnar. Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ óskar eftir sjálfboðaliðum við mótið frá hverju aðildarfélagi HSP, en mikilvægt er að margir taki þátt og á hið gamalgróna máltaeki vel við að „margar hendur vinna létt verk“.

Þingeyingar hafa sýnt það í gegnum tíðina að þeir taka vel á móti gestum og vinna saman að stórum verkefnum eins og Landsmót UMFÍ eru. Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ hlakkar til samstarfs við ykkur kæru félagar.

F.h. Landsmótsnefndar UMFÍ 50+  
Jóhanna S. Kristjánsdóttir



Skrifað var undir samstarfssamninga milli HSP, UMFÍ, Norðurþings og Þingeyjarsveitar vegna Landsmóts 50+ í byrjun mars. Dagbjört Jónsdóttir Þingeyjarsveit, Jóhanna S. Kristjánsdóttir formaður HSP, Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ, og Bergur Elías Ágústsson Norðurþingi.

## Sundnefnd

Sundstarfið byrjaði með hefbundnu sniði líkt og oft áður, eldri krakkarnir æfa 3x í viku og hafa kost á að fara á Lauga 1x í viku, yngri hópurinn og Laugarbörnin æfa 2x í viku, í apríl héldu við æfingabúðir á Laugum sem frestuðust frá haustinu áður og var mjög góð þáttaka þar.

Krakkarnir hafa sótt eftirfarandi sundmót og aðra viðburði:

KR mótt Reykjavík í febrúar  
Páskamót á Húsavík í mars  
Æfingabúðir á Laugum í mars  
Lionsmót Ránar á Dalvík í maí  
Uppskeruhátíð og sundmót Húsavík 17. júní  
Unglingalandsmót á Höfn í Hornafirði um verslunamannahelgina  
Sprengimót Óðins á Akureyri í september  
Æfingabúðir á Laugum í október  
Héraðsmót HSþ á Laugum í nóvember  
Verðlaunaafhending og pizzaveisla á Húsavík í nóvember  
Jólamót Óðins á Akureyri í desember.

Þess má geta að krakkarnir stóðu sig öll mjög vel á þessum mótmum og bættu mörg hver tímama sína.

Haustið byrjaði með svipuðu sniði og venjulega, æfingabúðir voru við með á Laugum í byrjun október til að hrista hópinn saman, héraðsmótið okkar var áætlað 12. okt og þurftum við að fresta því og var það haldið þann 9. nóvember á Laugum í 14 stiga frosti. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu og Geisla og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel þótt að veðrið hafi ekki verið okkur hagstætt, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Sif Heiðarsdóttir frá Völsungi og í karlauflokki var Ástþór Ingi Hannesson stigahæstur. Sif var einnig valin sundmaður Völsungs í floknum 16 ára og yngri fyrir árið 2012 og Valdís Jósefsdóttir í flokki 17 ára og eldri, einnig var Valdís valin sundmaður HSþ fyrir árið 2012.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík í nóvember, þar mættu börnin borðuðu saman pizzu og skemmtu sér vel undir stjórn þjálfara.

Æfingar eru á Laugum tvisvar í viku og sjá Valgerður Jósefsdóttir og Guðmunda Birta Jónsdóttir um þær. 20 börn frá félögunum Eflingu og Geisla æfa á Laugum tvisvar í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík eru: Valgerður Jósefsdóttir, Sif Heiðarsdóttir og Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir. Á Húsavík æfa rúmlega 30 börn sem er svipaður fjöldi og hefur verið.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir yfirþjálfari, Elísabet Sigurðardóttir sem jafnfram er starfsmaður deildarinnar, Margrét Magnúsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

## Unglingalandsmótsnefnd

Unglingalandsmótsnefnd 2013 skipuðu Jóhanna S. Kristjánsdóttir og Stefán Jónasson. Þeim til aðstoðar var Friðrika Illugadóttir sem sá um skráningu á mótið.

Í maí 2013 var sent út bréf til allra foreldra og forráðamanna barna sem urðu 11 ára á árinu með kynningu á mótinu og hvatningu til að mæta um verslunarmannahelgina og taka þátt í ungingalandsmótinu sem fram fór á Höfn í Hornafirði. Einnig voru sendar út auglýsingar með netþósti og í HSP bæklingi sem fór inn á öll heimili í Þingeyjarsýslum.

HSP fór með fríðan flokk barna og ungmenna, eða 30 keppendur og fjölmarga áhangendur. Þingeyingar kepptu í frjálsum íþróttum, glímu, knattspyrnu, körfubolta, sundi, skák, golfi og fimleikum. HSP eignaðist nokkra ungingalandsmótsmeistara:

Atli Barkarson 1. sæti í kúluvarpi 12 ára pilta – einnig náði hann í 3. sætið í hástökki.

Rakel Ósk Jóhannsdóttir 1. sæti í glímu 14 ára stelpna og 1. sæti í blönduðu liði í körfubolta sem hét Keflavíkur túturnar.

Elvar Goði Yngvason, Atli Barkarson og Magnús Aðalsteinsson 1. sæti í blönduðu liði í knattspyrnu 11-12 ára pilta sem hét Rimix junior.

Rúnar Þór Brynjársson, Ágúst Þór Brynjársson og Héðinn Mari Garðarsson 1. sæti í blönduðu liði í knattspyrnu 13-14 ára pilta sem hét OMG.

Laufey Lind Kristjánsdóttir 1. sæti í blönduðu liði í fimleikum 11-12 ára.

Eyrún Lilja Aradóttir 1. sæti í blönduðu liði í fimleikum 12 ára stelpna sem hét Sindri.

Jósavin Heiðmann Arason 1. sæti í blönduðu liði í körfubolta 11 ára stráka sem hét Boston Celtics. Nánari úrslit er hægt að nálgast á [www.ulm.is](http://www.ulm.is).

Unglingalandsmótið er fyrir 11-18 ára, en einnig er sett upp lítið frjálsíþróttu- og knattspyrnumót fyrir 10 ára og yngri. Þar tóku systkini keppenda virkan þátt og höfðu gaman af.


Unglingalandsmótsnefnd vill þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg við að gera þátttöku HSP jafn glæsilega og skemmtilega og raun bar vitni. Foreldrar og forráðamenn fá sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag og einnig Framsýn, stéttarfélag, fyrir dyggan stuðning.

Unglingalandsmótið hefur sannað sig enn og aftur fyrir að vera eitt merkasta forvarnarverkefni sem fyrirfinnst á Íslandi þessa dagana. Höldum áfram að sameinast um að fara með börnum okkar og ungingum á ungingalandsmótin um verslunarmannahelgar – þetta er frábær fjölskyldu- og íþróttahátíð. Næsta móti verður á Sauðárkróki um verslunarmanna-helgina 2014.

F.h. ungingalandsmótsnefndar

*Jóhanna S. Kristjánsdóttir*





Menn eru glaðir á unglingalandsmóti



Ungir þingeyingar kynna sér ULM

## Getraunanúmer félaga innan HSP

- |     |                                       |     |                            |
|-----|---------------------------------------|-----|----------------------------|
| 610 | Íþróttafélagið Magni                  | 662 | Golfklúbbur Mývatnssveitar |
| 640 | Íþróttafélagið Völsungur              | 670 | Umf. Snörtur               |
| 641 | Golfklúbbur Húsavíkur                 | 671 | Umf. Leifur heppni         |
| 642 | Umf. Einingin                         | 675 | Umf. Austri                |
| 643 | Umf. Geisli                           | 680 | Umf. Langnesinga           |
| 650 | Umf. Efling                           | 681 | Umf. Afturelding           |
| 661 | Mývetningur íþrótta- og ungmennafélag |     |                            |

## Keppnisgreinar HSP á landsmóti voru í boði eftirtaldra fyrirtækja:

- |                        |                                |
|------------------------|--------------------------------|
| Bókaverslun Þórarins   | Starfsíþróttalið – stafsetning |
| Goðinn – Mátar         | Skáksveit                      |
| Fagmál                 | Briddssveit                    |
| Jarðböðin við Mývatn   | Motocrosslið                   |
| Fatahreinsun Húsavíkur | Frjálsíþróttalið               |
| Fjallalambr            | Blaklið                        |
| Dalakofinn             | Briddssveit                    |
| ENOR                   | Götuhlaup                      |
| Sögin                  | Sund- og frjálsíþróttalið      |
| Sel-Hótel Mývatn       | Blaklið                        |
| Samvirkni              | Skotfimilið                    |
| Langnesingur ehf       | Blaklið                        |
| Darri ehf – Eyjabití   | Starfsíþróttalið - starfshlaup |



**Langnesingur ehf**



**Bókaverslun  
Þórarins**



**DALAKOFINN**

## Fréttapunktar frá ÍSÍ



### Íþróttapengi ísí

Íþróttapengi ÍSÍ fór fram á Icelandair Hótel Reykjavík Natura dagana 19.-20. apríl 2013. Olafur E. Rafnsson var endurkjörinn forseti sambandsins. Aðrir í stjórn voru kjörnir Gunnar Bragason, Lárus L. Blöndal, Sigríður Jónsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson og Jón Gestur Viggósson. Í varastjórn voru kjörnir Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Á. Ingvarsson og Gunnlaugur Júlíusson.

### Forsetaskipti

Þann 19. júní 2013 varð Ólafur E. Rafnsson forseti ÍSÍ bráðkvaddur í Sviss, þar sem hann sinnti embættisstörfum sem forseti FIBA Europe. Skýndilegt fráfall hans var mikið áfall fyrir ÍSÍ og alla íþróttahreyfinguna en mestur er þó missir eiginkonu hans og barna. Útför Ólafs fór fram frá Hallgrímskirkju þann 4. júlí að viðstöddu fjölmenni. Íþróttafolk sérsambanda ÍSÍ stóð heiðursvörð fyrir utan kirkjuna á meðan kistan var borin út.

Við fráfall Ólafs tók Lárus L. Blöndal varaforseti við embætti forseta ÍSÍ, eins og lög ÍSÍ kveða á um og Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður tók sæti í stjórninni.

### Heiðurshöll ÍSÍ

Árið 2013 voru fíjorir útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ. Á 71. Íþróttapengi ÍSÍ í aprílmánuði voru Sigurjón Pétursson frá Álafossi, Jóhannes Jósefsson og Albert Guðmundsson útnefndir og á hófi Íþróttamanns ársins í desember 2013 var Kristín Rós Hákonardóttir útnefnd.

### Heimasíða ÍSÍ

Slóðin á heimasíðu ÍSÍ er sem fyrr [www.isi.is](http://www.isi.is) og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig með Fésbókarsíðu.

### Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur utan um tölfraði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórtæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iökendur og stjórnir.

### Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2013 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á [www.felix.is](http://www.felix.is). Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

### Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar ÍSÍ á landsvísu. Bæði 1. og 2. stig ÍSÍ hafa verið í boði þrisvar á ári, vorönn, summarönn og haustönn. Vinna við gerð námsnfnið fyrir 3. stig þjálfaramenntunar er langt komin og er hún m.a. unnin í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Undirbúningsvinna fyrir þjálfaramenntun 4. og 5. stigs sem er á háskólastigi er þegar hafin.

### Fræðsluefni ÍSÍ

ÍSÍ hefur gefið út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttatáttöku. Þetta efni má nálgast á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, síðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt. ÍSÍ stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári.

### Fyrirmynndarfélag ÍSÍ

Fyrirmynndarfélög og fyrirmynndardeildir ÍSÍ eru um 120 talsins. Sérsambond, íþróttabandalög og héraðssambond eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

### Úthlutun styrkja

Á árinu 2013 úthlutaði Afrekssjóður riflega 85 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úhlutaði 10 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

### Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2013 voru 67 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþróttu- og ungmannafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Núverandi ríkisstjórn hækkaði framlag til sjóðsins á Fjárlögum Alþingis 2014 um 15 m.kr. og verður því framlag í sjóðinn vegna ársins 2014 samtals 85 m.kr.

### Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþróttu- og ungmannafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

### Almenningsíþróttir

Mikil þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er heilsu- og hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 5.-25. febrúar og grunnskólakeppni sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 5.-18. febrúar. Framhaldsskólakeppni Lífshlaupsins fór fram 3. – 16. október 2013.

Hjólað í vinnuna stendur yfir í þrjár vikur eða frá 7. - 27. maí nk.

Sjóvá Kvennnahlaup ÍSÍ fer fram í 25. sinn 14. júní 2014.

Hjólað í skólann er haldið í september 2014.

Göngum í skólann er haldið 3. sept -1. okt. 2014.

**Hreyfitorg** er nýtt verkefni sem fór í loftið í september 2013. Hreyfitorg er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu fyrir sig eða aðra (notenda) og þeirra sem standa fyrir hreyfitilboðum (þjónustuaðila). Kynntu þér málið á [www.hreyfitorg.is](http://www.hreyfitorg.is).

**Sjálfboðaliðavefurinn „Allir sem einn“** er nýr vefur sem var tekinn í notkun á síðasta íþróttapengi ÍSÍ. Megin markmið með sjálfboðaliðavefnum er að skapa vettvang fyrir sjálfboðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSÍ. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfboðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Slóðin á vefinn er [www.isi.is/sjalfboðaliðavefur](http://www.isi.is/sjalfboðaliðavefur).

### Lyfjamál

Alls voru tekin 89 sýni á árinu 2013, þar af 46 sýni í keppni eða 52%. Lyfjapróf voru tekin í 15 íþróttareinum. Fjögur sýni reyndust jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 17 sýni fyrir aðra. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, [www.lyfjaeftirlit.is](http://www.lyfjaeftirlit.is).

### Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015

Sextándu Smáþjóðaleikarnir verða haldnir á Íslandi 1.-6. júní 2015 og verður það í annað sinn sem leikarnir verða haldnir hér á landi. Á leikunum etja níu smáþjóðir kappi; Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó, San Marinó og Svartfjallaland. Gert er ráð fyrir því að heildarfjöldi keppenda verði um 800 en reikna má með 1.500 erlendum þátttakendum, að meðtöldu fylgdarfólk. Keppt verður í 11 íþróttareinum og fer keppni í þeim að mestu fram í Laugardalnum. Aætluð þörf sjálfboðaliða er riflega 1.200 manns en skráning sjálfboðaliða til verkefnisins hefst í aprílmánuði 2014. Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með á heimasíðu leikanna [www.iceland2015.is](http://www.iceland2015.is) og skrá sig til þátttöku í þessu spennandi verkefni.

# HSÞ

## Héraðssamband Þingeyinga

### Ársreikningur 2013

# Rekstrarreikningur 2013

## Aðaldeild

---

Rekstrartekjur:	2013	2012	2011	2010
Lottó UMFÍ	3.798.999	3.154.111	3.031.755	2.664.746
Lottó ÍSÍ	3.354.901	2.198.743	2.008.606	1.858.253
útbreyðslust. /ósóttir vinningar	363.500	311.407	707.698	48.045
Styrkir ýmsir	714.209	150.000	589.647	1.530.568
Styrkir sveitarfélagið	2.597.600	2.275.852	2.487.748	1.333.600
Styrkir í afreksmannasjóð	-	-	-	800.000
Skattar félaga	1.810.600	1.011.200	1.051.600	1.123.200
Peysusala	135.000			
Aðrar tekjur	637.659	8.685		
Tjaldaleiga	60.000	90.000	55.000	25.000
	<b>13.472.468</b>	<b>9.199.998</b>	<b>9.932.054</b>	<b>9.383.412</b>
Rekstrargjöld:				
Yfirstjórn	4.942.976	4.143.890	4.540.394	4.531.603
Lottó til félaga	5.263.997	4.783.554	4.595.810	3.618.399
Afskriftir				
	<b>10.206.973</b>	<b>8.927.444</b>	<b>9.136.204</b>	<b>8.150.002</b>
Hag/Tap án fjármagnsliða	<b>3.265.495</b>	<b>272.554</b>	<b>795.850</b>	<b>1.233.410</b>
Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur	119.575	66.633	27.497	97.437
Vaxtagjöld	- 88.628	- 80.114	- 17.135	- 35.043
	<b>30.947</b>	<b>-</b>	<b>13.481</b>	<b>62.394</b>
Hag/Tap ársins	<b>3.296.442</b>	<b>259.073</b>	<b>806.212</b>	<b>1.295.804</b>

16.3.2014

Höfum skoða reikning þennan.

Hlöðvinnið Jóhanna  
Jónsdótterson

Húsavík 19. mars '14

F. h. stjórnar HST

Jóhanna S. Kostjáns  
Jóhanna

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

### Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2013	2012	2011	2010
Óráðst. eigið fé 01.01.	2.579.239	2.320.166	2.239.172	1.059.936
Birgðir 31.12	-	-	-	-
Hag /Tap ársins	3.296.442	259.073	80.994	1.179.236
	<b>5.875.681</b>	<b>2.579.239</b>	<b>2.320.166</b>	<b>2.239.172</b>

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	-	1.047.182	-	483.728	-	1.131.660	-	527.002
ógreiddur kostnaður		17.676		183.602		119.631		63.970
Ógreitt v/starfsfóks		140.498		568.542		229.728		88.194
	<b>-</b>	<b>889.008</b>		<b>268.416</b>		<b>782.301</b>		<b>374.838</b>

Skuldir og eigið fé samtals	<b>4.986.673</b>	<b>2.847.655</b>	<b>1.537.865</b>	<b>1.864.334</b>
-----------------------------	------------------	------------------	------------------	------------------

R1/

SFSR

JSK

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

### Eignir

<b>Fastafjármunir</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
-----------------------	-------------	-------------	-------------	-------------

Mannvirki	Íþróttavöllur			
Áhöld og tæki		1.214.273	1.184.273	1.184.273
Kerra yfirbyggð		270.000	270.000	270.000
		<b>1.484.273</b>	<b>1.454.273</b>	<b>1.454.273</b>

### Veltufjármunir

Viðskiptakröfur -	854.977	-	3.017.219	-	4.295.252	-	2.899.114	-	2.112.435
Ógr. Lottó 2013 -	3.440.275								
Handbært fé			6.519.619		5.688.634		2.982.706		2.522.496
			<b>3.502.400</b>		<b>1.393.382</b>		<b>83.592</b>		<b>410.061</b>

### Eignir samtals

<b>4.986.673</b>	<b>2.847.655</b>	<b>1.537.865</b>	<b>1.864.334</b>
------------------	------------------	------------------	------------------

RIV  
HKL

Jok

## Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2013 var stjórn félagsins þannig skipuð:

Formaður: Stefán Gunnarsson

Gjaldkeri: Kristján Steingrímsson

Ritari: Yngvi Ragnar Kristjánsson

Samkvæmt Felix félagakerfi ÍSÍ eru nú samtals 43 félagar í Akstursíþróttafélaginu. Félagið stendur vel fjárhagslega og er skuldraust. Stærstu verkefni félgsins á árinu snérust um keppnishald, þátttöku í akstursíþróttamótum og rekstur motocrossbrautar.

Félagið sá í mars um framkvæmd 2. og 3. umferðar Íslandsmótsins. Keppnishald ársins fór eins og vanalega fram í samstarfi við MSÍ og Björgunarsveitina Stefán í Mývatnssveit. Uppskera Akstursíþróttafélagsins af vetraríþróttum varð ríkuleg, en Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í Íscrossi í kvennaflokki, Jón Ásgeir Þorláksson varð Íslandsmeistari í opnum flokki og Bjarni Hauksson varð Íslandsmeistari í vetrardekkjaflokki.

Er leið að sumri kom að keppni á vegum MSÍ í enduro og motocrossi. Nokkrir félagar Akstursíþróttafélagsins keppa í þessum íþróttagreinum og fór keppnishaldið fram víðsvegar um landið. Uppskera Akstursíþróttafélgsins af sumaríþróttunum varð einnig ágæt, en Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari Motocrossi í kvennaflokki og einnig í Enduro kvennaflokki. Þá urðu Kristján Steingrímsson og Stefán Gunnarsson í öðru sæti í Íslandsmótinu í Enduro í tvímenningsflokki.

Uppskeruhátið MSÍ fór fram í Reykjavík í byrjun nóvember og þar voru Íslandsmeistarar krýndir í hinum ýmsu íþróttagreinum og tóku félagar Akstursíþróttafélagsins þar á móti sínum titlum og verðlaunum.

Motocrossbraut félagsins við Svörtuborgir var ekki í mikilli notkun á árinu og þarf að finna rekstri brautarinnar betri farveg til framtíðar.

Mývatnssveit 10. mars 2014  
Stjórn Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar



Félagar úr Akstursíþróttafélaginu stóðu sig vel á landsmóti UMFÍ á Selfossi sl. sumar og unnu motocross-keppnina með yfirburðum. Hér er hið frækna lið, fremst eru þau Ingvi Björn Birgisson og Signý Stefánsdóttir, íþróttamaður HSP 2012, með landsmótsbikarinn og gullið um hálsinn en þau urðu efst í karla- og kvannaflokki.

## Golfklúbbur Húsavíkur

Stjórn GH og formenn nefnda:

Formaður Pálmi Pálason  
Varaformaður Sólveig Jóna Skúladóttir  
Gjaldkeri Ásdís Jónsdóttir  
Ritari Harpa G. Aðalbjörnsdóttir  
Meðstjórnandi Kristinn Vilhjálmsson  
Varamenn Ragnar Emilsson  
Guðmundur Friðgeirsson



Formaður nýliða- og unglinganefndar Skarphéðinn Ívarsson  
Formaður móta og forgjafanefndar Jóhanna Guðjónsdóttir  
Formaður vallarnefndar Ragnar Emilsson  
Formaður húsnefndar Einar H. Einarsson  
Formaður aganefndar Magnús Hreiðarsson

**Katlavöllur** var opnaður þ. 7. júní má með ólíkindum telja hve völlurinn var góður í sumar miðað við þann langa og óhagstæða vetur sem við fengum. Snjótroðari var notaður í nokkur skipti til að ryðja af flötum og einnig braut hann klakann upp víða. Þetta flýtti mikið fyrir í vor að grasið tæki við sér. Starfsmenn stóðu sig með mikilli prýði eins og venjulega í að halda við og bæta völlinn eins og þeim var framast unnt. Lokið var við að tyrfa 9. flötina og umhverfis hana, glompan kláruð og allar lagnir að vökvunarkerfinu. Keyp特 var dæla fyrir rúmlega 700 þús. kr. sem á að anna mestöllu svæðinu. Dæluhús var reist niður við þorvaldsstaðaá vestan við þriðju flót, Ragnar Emils bar hitann og þungann af þeim framkvæmdum sem snuru að vatns- og vökvunarmálum, hafðu þökk fyrir Raggi. Einnig langar mig að þakka Údda ehf og Axel Reynissyni fyrir rausnarlegt framlag með afnotum af lyftara félagsins við frágang á 9. flötinni og brautinni. Þá vil ég þakka þeim hóp sem kom að frágangi á 9. gríni, þetta er einhver harðsnúnasti hópur sem ég hef unnið með hér á vellinum.

**Lúpínusláttur** fór fram eins og árlega hefur verið gert til fjölda ára, mæting var ágæt og mikið slegið niður af lúpínu.

**Mannahald,** Skarphéðinn Ívarsson var vallarstjóri og með honum voru þeir Benedikt Jóhannsson, Arnþór Hermannsson og Eyþór Traustason. Þessir menn eru allir orðnir þrautþjálfarir í vallarumhirðu sem vel mátti sjá á svæðinu og vellinum sl. sumar. Erla Hreinsdóttir var með sjoppuna í sumar og var almenn ánægja með hennar störf, bæði gesta og félagsmanna.

**Styrkir,** nú er samningur GH og Húsavíkurbærar runninn út og væntanlega verður sest yfir samningagerð á næstu vikum. Þátttaka og skilningur bæjaryfirvalda á starfi klúbbsins finnst mér sífellt vera að aukast og er það okkur að sjálfsögðu ómetanlegt. Íslandsbanki verður vonandi styrktaraðili í ár en hann kom inn í fyrra. Þá er VÍS búið að vera til margra ára bakhjalr okkar. Menningar- og viðurkenningarsjóður KEA veitti okkur 200 þús. kr. styrk vegna unglingastarfs. Ég vil þakka þann hlýhug sem þessir aðilar og aðrir hafa sýnt okkur með framlögum sínum til okkar.

**Kennsla/Þjálfun,** Guðmundur Smári Gunnarsson sá um barna- og unglingþjálfun hjá okkur í sumar, en hann er að ná sér í PGA réttindi. Kennslan gekk vel þó svo við vildum gjarnan sjá fleiri börn. Við þökkum Guðmundi gott starf sl. sumar.

- Klúbbmeistarar 2013**
- Karlar:** 1. Flokkur Unnar Axelsson 306 högg (72 holur)  
2. Flokkur Kristinn Vilhjálmsson 286 högg (54 holur)  
3. Flokkur Sighvatur Karlsson 46 punktar (36 holur)
- Konur:** 1. Flokkur Jóhanna Guðjónsdóttir 273 högg (54 holur)  
2. flokkur Harpa G. Aðalbjörnsd. 48 punktar (36 holur)

**Hola í höggi** – Jóhanna Guðjónsdóttir fór holu í höggi á 3. braut til þess notaði hún 7 tré. Guðmundur Smári Gunnarsson fór einnig holu í höggi á 3. braut og notaði hann til þess 9 járn. Til hamingju bæði með einherjatitilinn.

**Heiðursfélagi** – Sigríður Birna Ólafsdóttir var gerð að heiðursfélaga GH 8. september 2013. Sigríður hefur unnið ómetanlegt starf fyrir GH í áratugi og er henni þakkað hér með enn og aftur.

**Andlát** – Skúli Skúlason lést í ágúst 2013 eftir margra ára veikindi, Skúli reyndist uppruna sínum í GH sérstaklega trúr, hann var ávallt tilbúinn að greiða götu félaga og klúbbins ef færí gafst. Hann lék með sveitinni okkar alla tíð og var stoltur af.

**Bæjarkeppni**, 24.-25. ágúst héldu Húsvíkingar í Víking austur á firði og léku annan daginn á Norðfirði og hinn daginn á Eskifirði. Það fór svo að Húsvíkingar urðu að láta í minni pokann.

**Sveitakeppni GSÍ**, 17-18. ágúst fór sveitakeppni GSÍ í annarri deild fram í Vestmannaeyjum. Sveitin féll niður í þriðju deild.

**Bændaglíma** fór fram 14. september, bændur voru Bjarni Sveinsson og Hreinn Jónsson. Úrslit urðu þau að lið Hreins vann.

**Þing HSP** var haldið á Grenivík og var Anna Rúna fulltrúi okkar þar ásamt Tótum.

**Ársþing GSÍ** var haldið í Laugardalshöll laugardaginn 23. nóvember. Þingið sóttu Pálmi Pálmasón formaður, og Björg Jónsdóttir. Það sem vakti hvað mesta athygli var sá þungi sem fram kom á þinginu um að leggja meiri áherslu á að þjóna hinum "almenna" kylfing. En skilgreining á honum er að hann er ekki afrekskylfingur, þennan hóp skipa u.b.b. 95.5% af öllum þeim er spila golf. Sérstaklega var nefnt að reyna að aðstoða fólk sem hefur meira en 26 í forgjöf, því það hafi sýnt sig að þar verður mesta brottfallið. Við þurfum að hafa þetta í huga á komandi árum.

Mig langar að segja ykkur frá því þegar við vorum nokkur saman á Spáni sl. vetur, þá hittum við þrenn hjón þar sem höfðu leikið á Katlavelli um sumarið. Þeim bar öllum saman um að völlurinn væri mjög góður og sérstaklega fannst mér ummæli eins aðila þarna gefa þessu mikla vikt. Hann hefur leikið með landsliði LEK í nokkur ár og ferðast mikið bæði innan og utanlands, þessi maður sagðist fullyrða að Katlavöllur væri besti 9. holu völlur landsins.

Í lokin vil ég nefna það þótt skrýtið sé miðað við það sem ég var að segja ykkur frá, þá var ég ekki sáttur að öllu leyti við umgengni okkar um völlinn. Það var of mikið um boltaför í flötum og það var of mikið af torfusneplum sem lágu á brautum. Einnig var of mikið um það á karlateigum að tí lágu hér og hvar um teiga. Ég vil leyfa mér að fullyrða að karlmenn í klúbbnum eru fyrst og fremst þeir sem valda þessu sárum/fórum og líklegast betri kylfingarnir. Ég hvet menn til þess að líta vel í eigin barm í þessum málum, því þetta veldur auknu á lagi á starfsmenn og lakari velli.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim stjórnar og nefndarmönnum og öðrum sem ekki hafa verið nefndir, sem lagt hafa hönd á plóg til þess að gera Golfklúbb Húsavíkur að þekktum klúbb fyrir gæði vallar og góðan rekstur.

Pálmi Pálmasón  
formaður GH

## Golfklúbbur Mývatnssveitar

Stjórn GKM árið 2013	Aðrir embættismenn
Formaður. Kristján Stefánsson	Form. vallarnefndar. Sigurður Baldursson
Gjaldkeri. Ellert Rúnar Finnborgason	Form. mótanefndar. Guðjón Vésteinsson
Ritari. Jón Óskar Ferdinandsson	Form. forgj.nefndar. Kristján Stefánsson
Varamenn. Jóhannes Steingrímsson	Skoðunarmenn reikn. Finnur Baldursson
	Hinrik Geir Jónsson Steingrímur Jóhannesson

Sumarið 2013 var óvenjulegt að því leyti að síðasti snjórinn fór ekki af vellinum fyrr en seinnipartinn í júní svo að það var óvenju seint sem hægt var að spila allar 9 holurnar. Gestafjöldi var líka með minna móti og annað starf einnig.

Tvö opin móti voru haldin þ.e. Golf og Gufa og Reynihlíð open. Þá var firmakeppin á sínum stað og nokkur innanfélagsmóti. Mörg fyrirtæki studdu myndarlega við bakið á okkur við rekstur vallarins og opnu mótin og eru þessum aðilum færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn, hann er okkur ómetanlegur.

Lítið var um framkvæmdir á árinu. Ekki hefur verið lokið við frágang umhverfis skálann og engar endurbætur gerðar á flötum og teigum þar sem ekki hefur enn verið skrifað undir nýjan samning við landeigendur en vonandi verður það gert fljótlega.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og öðrum félögum mínum fyrir samstarfið á árinu og vona að árið 2014 verði gott golfár.

Kristján Stefánsson  
formaður

## Golfklúbburinn Hvammur



Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Barna- og ungingastarf var með sambærilegu sniði og árið áður.

Mótahald var í lágmarki síðasta sumar en stefnt er að aukinni virkni hvað þann þátt starfseminnar varðar á komandi sumri. Ástand golfvallar klúbbsins var vel viðundandi á síðasta sumri þó svo að kalskemmdir hafi haft þar nokkur áhrif. Baráttan við kalið virðist vera komin til að vera en mikilli vinnu og fjármunum hefur verið varið í lagfæringar á kalskemmdum undanfarin ár.

Rekstur klúbbsins var annars í ágætu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Áframverður áfram unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðunar. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfboðavinnu af hálfu nokkura meðlima og verður það starf seint fullþakkað.

Jón Helgi Pétursson  
formaður

## Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2013 er fjórða starfsár golfklúbbsins. Megin starfssemi golfklúbbins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar og golfskálans Stekk er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda.

Golfklúbburinn leigir völlinn og afnot af golfskála fyrir sína félagsmenn. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannahald er á vegum klúbbsins.

Laugardaginn 15. júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara.

Við upphaf sumars voru skráðir í golfklúbbinn 95 félagsmenn en við lok sumars voru félagar orðnir 104, þar af eru 53 með fulla aðild og 51 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 36 konur og 68 karlar.

Stofnuð var 3 manna keppleikjanefnd sem sát um að setja upp móti og framkvæmd þeirra.

### Mótahald

Alls hélt klúbburinn 6 móti á árinu plús mótaröð sem spiluð var yfir 8 helgar. Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 22. júní og var það innanfélags móti og spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur. Þáttakendur voru 20. 12. júlí var Bændaglíma klúbbsins haldin. 21 júlí var í fyrsta sinn haldið opið Lopapeysumót kvenna. Mótið er 18 holu punktakeppni og voru keppendur 26. Þann 04. ágúst var opið móti sem bar heitið Coca-Cola – verlunarmannahelgin, þar mættu 35 til leiks og spilað var 9 holu punktakeppni með forgjöf. Þann 8. sept. var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það móti mættu 21 til leiks, 15 karlar, 6 konur, spilað var 18 holu höggleikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2013 varð Fylkir Þór Guðmundsson á 74 höggum og meistari kvenna varð Matthea Sigurðardóttir á 94 höggum. Einnig var klúbburinn með lokað móti fyrir félagsmenn um helgar í sumar og var það móti spilað 8 helgar frá 28.06.2012 og til 16.08.2012, spilað var punktakeppni með forgjöf.

Einnig annaðist klúbburinn framkvæmd á 1 öðru móti, þ.e. fyrir Knattspyrnufélag Akureyrar, og var þátttaka í því móti mjög góð.

### Kennsla

Sumarið 2013 bauð golfklúbburinn félagsmönnum uppá fríu leiðsögn golfkennara. Byrjað var á laugardeginum 29 júní og eftir það var kennslan haldin 6 laugardaga yfir sumarið, frá kl. 13.00 til 15.00. Leiðbeinandi var Friðrik Gunnarsson og var þátttaka mjög góð og mæltist þetta framtak klúbbsins mjög vel fyrir.

Pétur Ringsted  
formaður GLF



## Hestamannafélagið Feykir

Helstu viðburðir félagsins árið 2013 eru:

19. janúar 2013 var haldin folaldasýning þar sem bæði var keppt í hesta- og merarflokki. Ágætis þáttaka var í sýningunni og margir áhorfendur komu og fylgdust með.

Aðalfundur hestamannafélagsins var haldinn 14. mars í Lundi, Öxarfirði. Nýir meðlimir voru kosnir í stjórn, Úlfhildur Ída Helgadóttir og Karin Charlotta V Englund komu nýjar inn en Marius Snær Halldórsson og Hafsteinn Hjálmarsson létu af störfum. Tryggvi Hrafn Sigurðsson hélt áfram í stjórn.

Opið félagsmóts Feykis var haldin í Eyjadal 6. júlí. Keppt var í tölti, A-, B-, unglings- og barnaflokki. Ágætis þáttaka var á mótinu.

Haldið var í félagsferð Feykis 17. ágúst og var farið frá félagssvæði Feykis, Eyjadal og riðið um Kelduhverfið og skoðaðir hellar.



Kveðja frá stjórn Feykis  
Úlfhildur Ída Helgadóttir  
Karin Charlotta V Englund  
Tryggvi Hrafn Sigurðsson

## Hestamannafélagið Grani

Starf Grana hófst með Vetrarfagnaði Grana þann 9. febrúar.

Dagurinn hófst með ískappreiðum á Kalbakstjörn þar sem keppt var í barna og fullorðinsflokkni auk þess að keppt var í skeiði. Alls voru um fimmtíu skráningar og mikil ánægja með keppnina.

Thelma Dögg Tómasdóttir vann barnaflokkinn og Linnéa Brofeldt fullorðinsflokkinn. Bjarni Páll Vilhjálmsson náði besta tíma í skeiði.




Um kvöldið var svo Vetrarfagnaðinum framhaldið í Bústólpahöllinni með mat og söng.

Í vikunni eftir fengum við svo heimsókn frá þrem nemendum í reiðkennaradeild Hólaskóla sem héldu fræðslukvöld í Bústólpahöllinni. Kallaðist fyrirlesturinn Uppbyggileg þjálfun í reiðhöll.

Erlingur Ingvarsson reiðkennari kom í lok febrúar og var með reiðkennslu fyrir félagsmenn í Bústólpahöllinni. Erlingur kom svo reglulega allan veturinn og bauð uppá reiðtíma.

Aðalfundur Grana var svo haldinn þann 17. apríl og var öll stjórn Grana endurkjörin. Félaginu var boðið að taka þátt í sýningunni „Fákar og Fjör“ í reiðhöllinni á Akureyri þann 24. apríl. Atriði Grana var nefnt Norðurljós og riðu Grana menn um myrkvaðan salinn á hestum sýnum með stjörnublys á fótum hestanna undir dynjandi tónlist frá Skálmöld. Glæsilegt atriði sem gekk vel.

Vormót Grana fór fram þann 2. maí við Bústólpahöllina. Í barnaflokki sigraði Sigrún Högsdóttir á Ástrós frá Lækjabotnum. A-fokk sigraði Bjarni Páll Vilhjálmsson og Hekla frá Akureyri og í B-flokk urðu það Einar Víðir Einarsson og Líf frá Kotströnd sem stóðu efst.



kvöld.

Í júní byrjun var boðið uppá reiðnámskeið fyrir börn og voru þau Karin Gerhartl og Ingólfur Jónsson reiðkennarar á því námskeiði.

Hin árlega fákagleði var með breyttu sniði í ár þar sem veður setti strik í reikninginn. Ekki var farið í reiðtúr að þessu sinni en engu að síður var farið í leiki í reiðhöllinni og svo grillað um kvöldið.

Föstudagskvöldið 13. desember var haldið björkvöld og farið í spurningaleikinn „hver er maðurinn“ og auk þess sýndar myndir frá hestaferðum og öðrum viðburðum.

Árinu 2013 lauk með jólafundi þar sem spilað var bingó og skemmt sér.

Fyrstu dagana í maí kom Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir til okkar og hélt reiðnámskeið. Guðrún Dögg er nemandi á 2. ári við Hólaskóla og var þetta námskeið hluti af námi hennar.

Firmakeppni Grana fór fram þann 31. maí á skeiðvelli félagsins og urðu þau Thelma Dögg Tómasdóttir og Sirkus frá Torfunesi efst í barnaflokki. Einar Víðir Einarsson með Rausn frá Valhöll unnu fullorðinsflokk. Blíðskapar veður var þetta

## Hestamannafélagið Snæfaxi

Það má segja að árið hjá okkur í Hestamannafélaginu Snæfaxa hafi verið með rólegra móti og má þar kannski kenna um of mikilli vinnu hjá flestum í féluginu. Þó að það sé jákvætt að hafa mikla vinnu og þ.a.l. góðar tekjur þá virðist það haldast í hendur að þá minnka möguleikar fólks á því að stunda hið óeigingjarna sjálfboðastarf sem hér hefur verið haft í heiðri. Þetta hefur helst bitnað á yngri félögum því lítið var gert í æskulýðsmálum.

En þrátt fyrir annríki þá er ekki allur vindur úr okkur því ýmislegt var gert á árinu.

Í janúar var haldin folaldasýning í reiðhöllinni okkar Kaplaborg. Þar kom vel í ljós að hrossaræktin hér á okkar svæði hefur tekið miklum stakkaskiptum og hafa dómarar sjaldan átt eins erfitt með að gera upp á milli.

Í framhaldinu var haldið reiðnámskeið þar sem þáttakendur fengu kennslu hver við sitt hæfi. Góð þátttaka var bæði hjá yngri og eldri félögum. Námskeiðið fór þannig fram að því var skipt niður á tvær helgar með mánaðar millibili, eftir fyrri helgina var nemendum sett fyrir og urðu þeir að standa klárir á sínu seinni helgina, sem og þeir gerðu. Mikil ánægja var með þetta námskeið.



Ísmót var haldið á Lómatjörn við Laxárdal. Það var nokkuð gott mótt en dræm þáttaka þar sem ákveðið var að halda það með stuttum fyrirvara þar sem óttast var að ekki yrði hægt að halda það í annan tíma sökum skorts á traustum ís. Það kom í ljós að Lómatjörn er fyrirtaks mótsstaður.

Firmakeppni var haldin 17. júní á Lönguhlíðarmelum í samvinnu við Kvenfélag Þistilfjarðar en sá háttur hefur verið á síðustu 2 ár.

Ánægjulegt var að sjá að þar var ágæt þáttaka hjá börnum og ungingum og má segja að það sé viðunandi árangur í æskulýðsmarkmiðum okkar.

Tveir Snæfaxafélagar kepptu á Fjórðungsmóti Austurlands og gekk þeim afar vel. Það voru þeir Þórarinn Ragnarsson og Agnar Ingi Rúnarsson.

Þórarinn sýndi Hring frá Gunnarsstöðum og fékk hann hæstu í einkunn í flokki 4v. graðhesta, einnig komst hann í úrslit í A og B flokk. Þórarni hefur einnig gengið vel á öðrum móttum.

Agnar Ingi gerði sér lítið fyrir og vann barnaflokkinn á Oddþóri frá Gunnarsstöðum með afbragðs einkunn. Agnar keppti á nokkrum öðrum móttum og var næra alltaf í verðlaunasætum.



Félagsferð var farin um miðjan ágúst upp í Tunguselsheiði og var það ákaflega vel heppnuð ferð undir öruggri stjórn Skúla Ragnarssonar fararstjóra.

Bæjakeppni var haldin seinnipartinn í ágúst. Þáttaka var minni en oft áður og munaði þar mestu um fá lið frá nágrönum okkar í Feyki. Keppnin var skemmtileg og afar spennandi. Það var reyndar mjög óvenjuleg

verðlaunaafhending í 1. og 2. sæti tölti, þar sem Jóhannes Sigfússon og Reynir Atli Jónsson ákváðu í sameiningu að þjálfari hestanna, Agnar Ingi Rúnarsson 13 ára, skyldi fá verðlaunin en hann gat ekki keppt að þessu sinni.

Fleira var ekki gert á vegum félagsins en auðvitað var fólk í hestaferðum hingað og þangað, farnir voru margir samreiðtúrar og einnig var töluvvert um að keyrt væri á nálæg mótt með góðum árangri. Þá má segja frá því að sennilega hafa aldrei áður komið jafnmörg 1. verðlauna hross frá félagsmönnum í kynbótasýningum. En það er einmitt lykillinn að auknum áhuga á hestamennsku að vera með enn betri hross og þannig náum við betur til barna og unginga.

Sem er eitt af meginmarkmiðum Hestamannafélagsins Snæfaxa.

Fh. Hestamannfélagsins Snæfaxa  
Jón Rúnar Jónsson  
formaður félagsins



## Íþróttafélagið Magni



Starf íþróttafélagsins Magna var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Fótboltinn hefur verið aðal íþróttagreinin og lítil breyting verið þar á. Magni hefur kappkostað að senda lið í yngri flokkum á móti og 2. flokkar tóku þátt á íslandsmóti á s.l ári. 6. og 4. flokkur tóku þátt með ágætum árangri en þó rétt náðum við að klára mótið í 4. flokki, þar sem að flestir þátttakendur eru einnig að æfa og spila með Þór og KA á Akureyri. Meistaraflokkur félagsins spilaði í 3. deild s.l sumar og náði inn í 16 liða úrslit bikarkeppni KSÍ, en það er besti árangur í sögu félagsins. Ekki gekk eins vel í deildarkeppninni og var liðið í mikilli fallhættu lengi vel, en náði á lokaspreattinum að forðast fall í 4. deild. Frjálsar íþróttir hafa verið stundaðar á sumrin og hefur þátttaka verið góð og verður því starfi haldið áfram. Einnig var gerð tilraun með blak hjá krökkunum og heppnaðist fyrri veturninn vel og því var ákveðið að halda áfram í veturn. En því miður fór svo að mikil fækken varð á þátttökum, aðalega vegna þess að krakkarnir eru í fleiri íþróttagreinum sem eru stundaðar á Akureyri, þannig að um áramót var ákveðið að gefa blakinu frí. Að minnsta kosti fram á haust.

Íþróttafélagið Magni verður 100 ára á næsta ári (2015) og verður blásið til mikilla hátíðarhalda. Stefnt er að því að afmælishátíðin verði hin veglegasta og þegar er hafinn undirbúningur fyrir veisluhöldin.

F.H Magna  
Þorsteinn Þormóðsson  
formaður

## Íþróttafélagið Völsungur



### Aðalstjórn Völsungs:

Stjórnin hélt 42 bókaða fundi á árinu aðalfundur félagsins var haldinn 4. júní, allir stjórnarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Elín Gunnsteinsdóttir ritari, Már Höskuldsson og Lúðvík Kristinsson meðstjórnendur, Emilia Aðalsteinsdóttir og Víðir Svansson varamenn. Kjartan Páll Þórarinsson starfar sem framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi. Svava Björg Kristjánsdóttir bókari félagsins létt að störfum og ráðin var nýr bókari Þórsteinunn Rut Sigurðardóttir með fasta viðveru á Grænatorgi.

Stjórnin hélt two fundi með formönnum deilda á síðasta ári og er það liður í að auka upplýsingaflæði á milli deilda og milli deilda og stjórnar. Þá eru ótaldir ýmsir aðrir fundir eins og fundir með þjálfurum og foreldrum.

Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ kom á fund til okkar á árinu og hjálpaði okkur með að komast áfram í vinnunni við að gera félagið að fyrirmynndarfélagi. Við gáfum út síðareglur fyrir félagið en þær voru bornar út í öll hús bæjarins og eru nú sýnilegar á vef félagsins.

Aðalstjórn þurfti í sumar að grípa inn í störf knattspyrnudeilda þar sem sýnt var að félagið var að stefna í veruleg fjárhagsvandræði vegna mikilla skulda deildarinnar. Þetta var erfið ákvörðun en enga síður nauðsynleg.

Aðalstjórn hefur yfirumsjón með öllum fjárlöflum deilda og sér um að fá deildir eða flokka til þess að sinna þeim störfum sem okkur er gert að gera samkvæmt samningi við Norðurþing en það eru þrettándinn, 17. júní, kveikja á jólatrénu og gamlárskvöld.

### **Hreyfingaskóli Völsungs:**

Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 45 min. Skólinn er í boði fyrir 1.-2. bekk . Um 30 börn eru skráð í skólann

### **Íþróttaskóli Völsungs:**

Íþróttaskólinn er starfræktur innan félagsins með tvo hópa yngri og eldri barna. Um 50 krakkar á aldrinum 3-5 ára mæta á laugardögum í skemmtilega hreyfingu. Reynt hefur verið að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra.



### **Fimleikar:**

Krakkar á aldrinum 5-16 ára æfa fimleika tvisvar í viku. Farið var á eitt móti á Egilstöðum.

### **Handknattleikur:**

Á árinu hafa verið starfræktir 3., 4., og 5. flokkur karla og 6./7. flokkur stelpna. Ekki hefur verið starfræktur meistarflokkur en það hefur þó verið halddið í þann sið að taka þátt í bikarkeppni og að þessu sinni drögust við á móti bikarmeisturum ÍR. Hið árlega Húsavíkurmót í handbolta var halddið helgina 26.-27. apríl en mótið er hluti af Íslandsmóti í 6. flokki kvenna. Mótið er fastur liður í íþróttalífinu hér á Húsavík og leggur fjárhagslegan grunn að starfi deildarinnar.



### **Blak:**

Um 50 manns stunda blak í flokki fullorðina og 20 krakkar æfa krakkablak þau tóku þátt í Íslandsmóti í 4. flokki stelpurnar enduðu í fimmta sæti af 11 liðum sem telst frábær árangur. Tvö lið frá okkur tóku þátt í hluta Íslandsmóts í 5. flokki á Neskaupsstað.



Öldungarnar tóku þátt í nokkrum hraðmótum á Norðurlandi auk þess sem Völsungur stóð fyrir sínu árlega Nýjársmóti fyrstu helgina í janúar. Völsungur mætti til leiks á Öldungamót BLÍ sem halddið var í Kórnum í Kópavogi með 6 lið. Völsungur átti fjögur lið á verðlaunapalli þetta árið frábær árangur.

### **Boccia:**

Árið byrjar að venju með Opna Húsavíkurmótinu í Boccia en það var halddið 17. febrúar. Að því loknu er húsvískt íþróttafólk heiðrað fyrir frammistöðu og íþróttamaður Húsavíkur kjörinn. Einnig tekur Boccialið Völsungs þátt á móti um á vegnum ÍF víða um land og stendur sig ávallt mjög vel.

### **Sund:**

Sunddeild Völsungs stendur fyrir æfingum bæði á Húsavík og Laugum. Í apríl stóðu þeir fyrir æfingabúðum á Laugum. Krakkarnir taka þátt í nokkrum móti um á vegnum svæðinu og einnig fara þau elstu suður til að keppa.

### Gönguskíði:

Deildin stóð fyrir námskeiðum fyrir byrjendur og lagði brautir í og við bæinn. Orkugangan var haldin 20. apríl og var þátttaka nokkuð góð en fresta varð keppninni vegna veðurs. Eftir að vegurinn upp á Reykjaheiði var lagaður sækja enn fleiri aðstöðuna upp við Höskuldsvatn. Krakkar á vegum Völsungs kepptu á Andrésar Andar leikunum og stóðu sig mjög vel.



### Skíði alpagreinar:

EKKI æfa margir alpagreinarnar og ræður þar aðallega aðstaðan og snóleysið á Húsavík. Þeir sem æfa stunda reglubundnar æfingar með Mývetningum upp í Kröflu. Það tóku þrír krakkar á vegum Völsungs þátt í Andrés Andarleikunum, þau komu heim með tvenn verðlaun.

### Knattspyrna:

#### Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla lék í 1. deild eftir frækilegan sigur í 2. deild árið 2012. Liðið var að mestu óbreytt frá fyrra tímabili. Deildarbikarinn gekk bærilega og þó svo að sigrarnir hafi látið á sér standa. Tvö janftefli gegn Fram og KA sýndu þó að liðið var til alls líklegt á góðum degi. Sumarið gekk því miður ekki nógu vel. Uppskera sumarsins var 2 stig og fall í 2. deild staðreynd. Breytingar urðu á starfi knattspyrnudeilda á miðju sumri og hafði það sínar afleiðingar innan vallar og utan. Leikmannahópurinn breyttist og Dragan Stojanovic sem að stýrði liðunu upp um deild árið 2012 hvarf á braut. Við starfi hans út tímabilið tóku Vilhjálmur Sigmundsson ásamt Stefáni Jóni



Sigurgeirssyni og Kristjáni Gunnari Óskarssyni. Framlag þeirra á erfiðum tínum var ómetanlegt og stóðu þeir sína plikt með sóma þrátt fyrir að úrslitin væru okkur í óhag. Meistaraflokkur karla mun því leika í 2. deild árið 2014.

#### Meistaraflokkur kvenna

Liðið endaði um miðja deild í sínum riðli og verður að segjast að það hafi verið undir



þeim væntingum sem gerðar voru í upphafi. Liðið var skipað ungm og efnilegum heimastulkum í bland við sér eldri og reyndari. Ákveðið var að fara í samstarf við Pór/KA og voru fengnir leikmenn þaðan að láni til að styrkja liðið. Segja má að liðið hafi oft spilað ágætan fótbalta þrátt fyrir að úrslitin hafi ekki alltaf fallið réttu megin og ljóst að framtíðin hjá stúlkunum er björt.

### **Yngri flokkar knattspyrnu:**

Völsungur tefldi fram liðum í öllum flokkum á Íslandsmóti karla og kvenna síðastliðið sumar. Og er skemmt frá því að segja að við náðum mjög góðum árangri með flesta flokkana og gefa þá stelpurnar strákunum ekkert eftir hvað það varðar. Völsungur hefur haft á að skipa hóp af hæfum þjálfurum og má fullyrða að hluti skýringar á háum iðkendafjölda knattspyrnunnar á Húsavíkur liggur í góðum þjálfurum ásamt ríkri hefð fyrir knattspyrnuiðkun á Húsavík.



3. flokkur karla og kvenna fór á Norway cup og var það gert í tengslum við Vímuvarnarsamning Völsungs eins og undanfarin ár.

Nöfn þeirra er valdir hafa verið í landslið á árinu 2013 : Dagbjört Ingvarsdóttir, Hulda Ósk Jónsdóttir og Ásgeir Sigurgeirsson

Að lokum ber að nefna að nýr og glæsilegur gervigrasvöllur gerði það að verkum að lið félagsins gátu leikið sína heimaleiki á Húsavík án nokkura vandræða. Þau félög sem ekki höfðu gervigrasvöll til umráða lento í miklum vandræðum með grasvelli sína eftir erfiðan vetur. Mörg lið þurftu að leika sína heimaleiki fjarri sínum heimahögum. Auk þess má nefna hversu vel völlurinn dugar til æfinga en æft er allan veturinn á vellinum án þess að margir dagar falli út vegna veðurs.

### **Mótorsporteild:**

Fyrsta heila starfsár deildarinnar og hefur ýmislegt verið gert þó að ekki sé mikið sjáanlegt enn.

Hjólamenn nýttu sér Botnsvatnið þegar ís var yfir því. Farið var á eitt móti í Mývatnssveit. Unnið er að uppbyggingu og skipulagi á brautarsvæðinu rétt fyrir sunnan Gónhól.

### **Siglingadeild:**

Lítil sem enginn starfsemi var á síðast liðnu ári.



*Fh stjórnar Völsungs  
Guðrún Kristinsdóttir  
formaður Í.F. Völsungs*

## **Mývetningur, íþrótt- og ungmennafélag**

Árið byrjaði með framhaldi af síðasta hausti, áfram var haldið með þær æfingar sem byrjað var með um haustið.

Fótboldi fyrir yngri flokka 6-15 ára, krakkablak fyrir okkar grunnskólabörn, blak fyrir fólk á besta aldri, leikjaprógram fyrir 1.-4. bekk eftir skóla einu sinni í viku. Skíðaæfingar í Kröflu ásamt því að stuðla að gönguskíðaiðkun.

Keppt var á skíðum í yngri flokkum víða um land og náði sú ástundun hámarki á Andrésar Andar leikunum.

Blakdrottningar héldu svo á öldunarmót í blaki í Kópavogi og gekk bara vel.

Þegar voraði var sett upp sundnámskeið fyrir ungmannin okkar, einnig var boðið upp á leikjanámskeið ásamt æfingum í fótbolda í sumar.

Þegar haustaði tók við samskonar próogram og var veturinn á undan, blak, fótboldi, skíði og námskeið tengt skólanum fyrir yngstu börnini.



## Skákfélagið GM-Hellir

Starfsárið 2013 var óvenju víðburðaríkt hjá félagini. Félagið hét Goðinn–Mátar eftir sameiningu við taflfélagið Máta haustið 2012 og tók þátt í Íslandsmóti skákfélaga undir því nafni tímabilið 2012-13. A-lið félagsins varð í 5. sæti í 1. deild og B-lið félagsins vann sig upp í 1. deild með því að ná öðru sæti í 2. deild. Félagið átti einnig lið í 3. deild og í 4. deild.

Félagið hélt stórt skákmót í Reykjavík í vetrarbyrjun sem var vel sótt en aðal stafsssemi þess var sem áður í Þingeyjarsýslu. Mótahald var með hefðbundnum hætti og félagið sinnti skákkennslu verkefnum á Húsavík og í Þingeyjarsveit.

Félagar úr Goðanum-Mátum sáu um að manna skáksveit HSP sem vann öruggan sigur á Landsmótinu á Selfossi í sumar og í haust kom fyrsti Íslandsmeistaratillit félagsins í hús þegar Goðinn-Mátar urðu Íslandsmeistarar í hraðskák eftir ótrúlega spennandi keppni við Víkingaklúbbinn í ágústmánuði.

Í septembermánuðið 2013 urðu svo þau stórtíðindi á félagið sameinaðist aftur öðru taflfélagi. Núna var það taffélagið Hellir úr Reykjavík sem varð fyrir valinu og eftir þá sameiningu heitir félagið GM-Hellir (Goðinn-Mátar-Hellir) GM-Hellir er stærsta skákfélag á Íslandi, en 360 félagsmenn eru í því. Formaður þess er Hermann Aðalsteinsson, eða sá sami og verið hefur formaður Skákfélagsins Goðans sem síðar varð Goðinn-Mátar.

GM-Hellir hóf keppni á Íslandsmóti skákfélaga sl. haust og stillti félagið upp 9 keppnisliðum sem saman stóð af 58 skákmönnum, í öllum deildum Íslandsmótsins.

Keppnin gekk vel og varð A-lið félagsins í öðru sæti á Íslandsmótinu sem lauk í marsþyrjun 2014 og stefnt er að titlinum næst.

Framtíðin er björt hjá GM-Helli. Félagið stefnir á að senda keppnislið til Bilbao á Spáni í september 2014 til þátttöku á Evrópumóti félagsliða í skák í fyrsta sinn, en afar fá íslensk skákfélög hafa sent lið í þá keppni hingað til.

Hermann Aðalsteinsson  
formaður Skákfélagsins GM-Hellis



Skáksveit HSP á landsmóti UMFÍ sl. sumar var skipuð átta liðsmönnum Goðans-Máta og varð sveitin landsmótsmeistari.  
Hér taka þeir við verðlaunum sinum.  
Jón Þorvaldsson liðsstjóri hampar bikarnum.



## Skotfélags Húsavíkur

Það verður að segjast eins og er að árið 2013 var umtalsvert rólegra en síðustu ár hafa verið. Í leirdúfunni voru einungis haldin 4 innanfélagsmót og var þátttakan í þeim dræm og var völlurinn mjög lítið notaður í sumar. Vel tókst samt til þegar STÍ mótið var haldið og var þátttakan í því góð.



Á Íslandsmótaröðinni átti félagið 2 keppendur, sem stóðu sig með ágætum, Íslandsmeistaratitill og hækkan upp um flokk.

Skotnar voru um 8.000 leirdúfur sem er umtalsvert minna en síðustu ár en vonumst við að sjálfsögðu til að á nýju ári taki menn sig til og fari að skjóta meira.

Riffilmenn héldu einnig 4 mótt og var þátttakan í þeim nokkuð góð og með þátttöku skotmanna frá Akureyri og Egilsstöðum. Mikil aukning var á notkun riffilbrautar á árinu og lítur allt út fyrir að áhugi manna liggi meira í rifflum heldur en haglabyssum núna.

Hvað framkvæmdir varðar þá var ekki mikið gert á árinu, enda ekki mikil þörf á því. Því miður náðist ekki að gera almennilega við göngubrúna sem brotnaði sl. vetur, en það verður gert á nýju ári.

Byrjað var á nýrri og glæstri riffilbraut sem stefnt er að að klára á nýju ári. Brautin var rudd út á 400 metra og gert ráð fyrir að fimm keppendur geti skotið í einu. Einnig er farin af stað undirbúningsvinna fyrir nýju riffilhúsi sem rísa á í nánustu framtíð.

Mokað var fyrir grunni og hann gerður klár.

Að venju sá félagið um verklega þáttinn fyrir skotvopnaleyfin og einnig skotpróf fyrir hreindýraleynfin og er þetta tvennt góð fjárlöfun fyrir félagið. Að auki tók félagið að sér gæslu á Mærudögum sem er góð fjárlöfun fyrir félagið.

Með kveðju,  
Kristinn Lund  
formaður Skotfélags Húsavíkur

## Ungmennafélag Langnesinga

Hjá Ungmennaféluginu störfuðu alls 7 þjálfarar í mis langan tíma á árinu 2013 í hinum ýmsu íþróttagreinum. Þar má nefna fótbalta, handbolta, frjálsar íþróttir, fimleikar, leikjanámskeið og leikja- og boltaskóla. Stjórn UMFL þakkar þessu góða og mikilvæga fólk fyrir samstarfið á liðnu ári.



Fyrirkomulagið á æfingunum síðasta vor var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá störfuðu 2 þjálfarar þau Oddný Kristjánsdóttir sem sá um leikja- og boltaskóla sem og afreksskólann og Þorsteinn Egilsson sem sá um fótbalta, handbolta og afreksskólann. Sumarið var einnig með svipuðu sniði og síðustu ár. Þá störfuðu 3 þjálfarar þau Hulda Kristín Baldursdóttir sem sá um frjálsar íþróttir, Sigurður Jakobsson og Karol Walenko sem sáu um fótbalta. Haustönnin var einnig með hefðbundnu sniði og síðustu ár. Þá störfuðu 4 þjálfarar þau Sigga Klara og Hulda Kristín sem sáu um

afreksskólann, Ásdís Hrönn sem sá um leikja- og boltaskóla og fótbolta og Sigurður Jakobsson sem sá um fótbolta.

Hvað varðar fjölda og fjölbreytni æfinga þá var það markmið stjórnar UMFL að hver iðkandi fengi 2-3 æfingar í viku og gæti átt möguleika á að stunda 2 íþróttagreinar. Fótbolti hefur í gegnum tíðina verið fjölmennasta íþróttagreinin hérna á Þórshöfn en árið 2013 þá má varla milli sjá hvort er vinsælla fótboltinn eða, frjálsar íþróttir. Þetta er breyting frá fyrri árum og stafar hún sennilaga af því að frábærir árgangar af alhliða góðum íþróttaiðkendum er að koma upp ásamt því að lögð hefur verið meiri áhersla á að efla frjálsar íþróttir t.d. með kaupum á búnaði og fá til liðs við okkur þjálfara með þekkingu á þessu sviði. Fótboltinn sem er jú vinsælasta íþrótt í heimi hefur átt í smávæginlegum erfiðoleikum hjá okkur seinnipart árs. Fækka hefur þurft æfingum hjá elstu stigum en eins og fram hefur komið þá eru alhliða góðir iðkendur að koma upp og sinna þeir iðkendur fótboltanum vel. Það sem hefur reynst afar vel á árinu 2013 og við erum afar stolt af eru æfingar fyrir börn á aldrinum 4 til 5 ára eða börn sem eru á tveimur síðustu árunum sínum í leikskóla. Mikil og góð þátttaka hefur verið og frábært að geta boðið þessum hópi íþróttæfingar. Leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 5-9 var haldið síðasta sumar. Um var að ræða 3 vikna námskeið þar sem ýmiss komar hreyfing, leikir og ferðir voru í boði. Sólrún Arney var með yfirumsjón á þessu námskeiði.

Kaónámskeið var haldið fyrir krakka á aldrinum 12 til 16 ára. Farið var í kennslu á kanóbátum s.s. róður, öryggi á og við sjó sem og umhirðu á sjóbúnaði. Þorsteinn Egilsson var með yfirumsjón á námskeiðinu.

Ungmennafélagið hefur alltaf viljað fá til sín fólk sem hefur áhuga og vilja til að taka að sér verkefni á borð við þjálfun og gaman er að geta þess að liðnu ári starfaði 1 þjálfari hjá UMFL með B.s. gráðu í íþróttatrafæðum, 2 með þjálfararéttindi í knattspyrnufræðum frá KSÍ og 1 þjálfari með framhaldsskólamenntun í íþróttatrafæðum.

Ungmennafélagið var með óbreytt æfingargjöld hjá sér á milli ára eða 3000 kr. Ákveðið var að halda systkyna afslættinum áfram þ.e.a.s. þriðja barn, fjórða barn o.s.frv. í fjölskyldu borga ekki æfingargjöld. Ungmennafélagið var með eitt gjald fyrir alla iðkendur á allar þær æfingar sem í boði voru. Iðkandinn gat því tekið þátt í fótbolta, handbolta og afreksskólanum fyrir eitt gjald á mánuði.

Aðalfundur fyrir árið 2012 var á árinu og var hann haldin í 28. apríl þar sem ný stjórn var kosin til eins árs.

Keppnir og ferðir voru nokkrar á árinu 2013. 5. flokkur karla og kvenna tók þátt í íslandsmóti í innanhúsknattspyrnu í febrúar. Kept var á Dalvík og stóðu krakkarnir sig með prýði. Farið var á héraðsmót í frjálsum íþróttum á Húsavík í nóvember og einnig áttum við þátttakenda á Sumarleikum HSþ sem haldið var á Laugum. Hið árlega Ásbyrgismót var einnig haldið og áttum við marga og öfluga þátttakendur þar í öllum greinum. Félagið bar sigurorð á því móti stigalega sem og í þátttöku iðkenda.

Fyrir 2 árum síðan var ákveðið að stofna svokallaða Ásbyrgismótanefnd og að hvert félag ætti sinn fulltrúa í henni. Kristinn Láruson hefur verið okkar fulltrúi síðustu tvö ár og ætlar hann að halda því áfram a.m.k. eitt ár í viðbót. Oddný Kristjánsdóttir var fengin til bess að vera fulltrúi UMFL í vímuvarnarráði Langanesbyggðar fram að þessum aðalfundi. Fjáraflanir hafa verið með öflugra móti árið 2013. Félagið hefur verslað mikið af varningi merktum félagini og hefur sala á því gengið vel. Sem dæmi má nefna vatnsbrúsar, kveikjarar, pennar, lykkalakypur, handklæði og húfur. Fyrir utan þennan varning þá er félagið að selja wc pappír og rækjur.

Ákveðið var að panta félagsgalla og hafa farið fram 3 pantanir á árinu. Félagið selur gallana á kostnaðarverði til almennings en niðurgreiddi hvern galla um 1500 kr fyrir grunn- og leikskólabörn. Félagið stóð einnig að hátíðarhöldum á 17. júní, var með sölubás á Kátum dögum og jólamarkaði, er með dósamóttöku fyrir bæjarbúa og hélt bingó. Endurnýjaður var samningur við Ísfélagið til þriggja ára.

UMFL gerði samning við Langanesbyggð um að halda úti félagsmiðstöð og félagsstarfi á Þórshöfn fyrir 2 árum síðan. Í stórum dráttum fól það í sér að UMFL sá um framkvæmd og skipulagningu á félagsmiðstöðinni og sveitarfélagið kom með fjármagn og veitti afnot á sínum mannvirkjum. Stjórn UMFL ákveð eftir að hafa haldið þessu úti í 2 ár að halda ekki áfram með þetta verkefni. Ástæðan er aðalega sú að mikil vinna fólst í þessu verkefni og við erum sátt að hafa komið þessu verkefni aftur í gang eftir að það hafi legið niðri í nokkur ár. Í dag er Svartholið með góða starfsemi sem hugsanlega væri ekki ef ekki væri fyrir Ungmennafélagið.

Við í stjórn UMFL teljum okkur vera að vinna öflugt forvarnarstarf hérna á Þórshöfn. Ásamt því sem búið er að telja upp þá hefur ýmislegt annnað verið í gangi. Við héldum sumarslútt í september þar sem við gerðum okkur glaðan dag með börnum og foreldrum í íþróttahúsinu og buðum svo öllum upp á veitingar. Fyrir um einu ári síðan gaf félagið Grunnskólanum gjöf og var það búnaður til æfingar á skólahreystigreinum. Ákveðið hefur verið að styrkja þetta verkefni enn frekar í ár með kaupum á svokölluðum sandpokum.

Félagið hefur komið sér upp aðstöðu á gámasvæðinu þar sem við eignum 40 feta gám til að geyma okkar búnað s.s. kerrur og dekk.

Við í stjórn horfum fram á veginn og sjáum mikil tækifæri þar fyrir félagið. Stjórn HSP hefur farið þess á leit við stjórn UMFL að félagið haldi 2 heraðsmót í fótbalta hérna á Þórshöfn. Um er að ræða vormót innanhús og sumarmót utanhús. Þeir hrósa aðstöðunni mikið hérna á Þórshöfn sem og síðasta heraðsmóti sem við héldum fyrir um 2 árum síðan. Að þessu tilefni þá skipa 3 fulltrúar frá UMFL knattspyrnunefnd HSP og það eru Þorsteinn Egilsson, Oddný Kristjánsdóttir og Hulda Kristín Baldursdóttir. Fyrir utan þessi tvö móti þá er markmið okkar að reyna að fjölgja ferðum og móturnum á árinu 2014 í fótbalta og frjálsum íþróttum. Mótorcrossbrautin hefur legið í dvala í nokkurn tíma en rætt var fyrir stuttu síðan við verktakann um að fara að hefja framkvæmdir. Vonandi gengur það upp með vorinu.

Í lokin á þessari yfirferð viljum við í stjórn félagsins þakka öllu því góða fólk og okkar styrktaraðilum sem hafa komið með einum eða öðrum hætti að starfsemi félagsins á liðnu ári. Margir góðir hlutir hafa verið gerðir hjá félagini og höldum við ótrauð áfram. Þótt að mikið og gott starf hafi verið unnið á síðustu árum í íþróttamálum hér á Þórshöfn þá má aldrei slaka á í þeim eftum heldur horfa alltaf fram á veginn og muna að margar hendur vinna létt verk. Við minnum á að samstarf við foreldra er gríðalega mikilvægur þáttur í að geta haldið úti heilu íþróttafélagi. Foreldrar eru jafn mikilvægir eins og iðkendurnir sjálfir því án foreldra væru engir iðkendur.

Ungmennafélagskveðjur

F/h UMFL

Þorsteinn Ægir Egilsson

## Ungmennafélag Öxfirðinga

Starfsemi Umf. Öxfirðinga var ekki mikil á árinu 2013. Félagið tók þátt í sameiginlegum æfingum nágrannafélaganna í Lundi í sumar og félagar tóku þátt í Ásbyrgismóti í júlí. Nú hefur verið ákveðið að bretta upp ermar og hleypa lífi í félagið, svo nú eru bjartari tímar framundan.

Svala Rut og Eyrún Ösp  
í stórn Umf. Öxfirðinga

## Ungmennafelagið Austri

### Æfingar

- Í janúar og febrúar kom Hjörvar Gunnarsson frá Húsavík og var með nokkrar frjálsíþróttæfingar. Nemendum úr nágrannaskólum var boðið að koma og komu iðkendur frá Þórshöfn, Þistilfirði, Kópaskeri, Öxarfirði og Kelduhverfi. Í mars og apríl var boðið upp á fótbalta- og frjálsíþróttæfingar undir stjórn Selmdísar Práinsdóttur.
- Um páskana kynnti Stefán Andri Stefánsson handbolta fyrir nemendum á grunnskólaaldri og bauð upp á tvær æfingar.
- Í sumar voru frjálsíþróttæfingar 2x í viku, leikjanámskeið 2x í viku fyrir 10 ára og yngri og sú nýbreytni var að boðið var upp á leikjanámskeið fyrir 2 – 5 ára. Þjálfari var Karítas Ríkharðsdóttir.
- Þar sem ekki fékkst þjálfari með haustinu, þrátt fyrir mikla leit, þá tóku foreldrar sig saman og keyrðu áhugasama iðkendur til Húsavíkur á frjálsíþróttæfingar einu sinni í viku.



### Þátttaka í mótmum

- Dagný Ríkharðsdóttir keppti á MÍ 11-14 ára í Reykjavík í febrúar og náði m.a. 2. sæti með boðhlauðssveit HSþ í 4x 200m hlaupi 14 ára stúlkna. Einnig keppti Dagný á Sumarleikum HSþ, Akureyramóti UFA og á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði. Á þessum mótmum hefur Dagný náð mjög góðum árangri í 400 og 800 metra hlaupi.
- Fimm keppendur frá UMF Austra tóku þátt í marsmóti HSþ á Húsavík og á nóvembermóti HSþ áttum við 7 keppendur. Stóðu þeir sig allir með prýði.
- UMF Austri tók að sjálfsögðu þátt í hinu árlega Ásbyrgismóti. Þátttakendur voru færri en oft áður og urðum við í 3. sæti í stigakeppninni.

### Aðalfundur og stjórn

- Aðalfundur UMF Austra var haldinn 10. apríl. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram, en það eru;
  - Birna Björnsdóttir formaður
  - Olga Friðriksdóttir gjaldkeri
  - Svava Árnadóttir ritari
  - Einar E. Sigurðsson
  - Ragnar A. Jóhannsson

### Aðrir viðburðir

- UMF Austri sendi two fulltrúa á Ársþing HSþ sem haldið var á Grenivík.
- UMF Austri sá um kvennahlaupið sem haldið var 8. júní. Ágæt þátttaka var og var þátttakendum boðið í sund á eftir.
- Keyptir voru nýir búningar.


- Sparkvöllurinn var tilbúinn til notkunar í september við mikinn fögnum yngri kynslóðarinnar. UMF Austri tók að sér kostnað og vinnu við að þökuleggja svæðið í kring um völlinn sem telur um  $3.000 \text{ m}^2$ . Byrjað var að þökuleggja í nóvember í ágætu veðri en því miður tókst ekki að klára verkið en tekst vonandi með hækkandi sól. Frábær mæting var hjá Austrafólki við að rúlla upp þökum og leggja þær.
- 30. desember var haldið „búningablakmót“ þar sem fólk mætti í hinum ýmsu búningum og spilaði blak og skemmti sér saman.

#### Að lokum

Þrátt fyrir mikla viðleitni, hefur því miður ekki tekist að fá fastan þjálfara til starfa. Reynt hefur verið að nýta öll tækifæri sem gefast og fólk með reynslu og þekkingu á þjálfun gripið í fríum til að koma og þjálfa. Til marks um mikinn áhuga grunnskólanemenda á íþróttaiðkun, þá leggja þau á sig 260 km ferðalag til að komast á æfingar og hafa foreldrar verið afar duglegir við að leggja á sig akstur.

Það er því ljóst að ungmannafélagsandinn ræður ríkjum á Raufarhöfn.

F.h. stjórnar UMF Austra  
*Birna Björnsdóttir*  
*Olga Friðriksdóttir*



## Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Bjarma 2013 sem vera átti í febrúar, var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 7. apríl.

Vel var mætt og umræður góðar. Stjórn Bjarma skipa nú Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri. Stjórnarfundir voru haldnir til skiptis heima hjá stjórnarmönnum og var einnig haldinn einn fundur formanna nefnda heima hjá formanni, þar sem farið var yfir starfsemi félagsins.

Á tveggja ára fresti er skipað í nefnir sem starfa innan Bjarma. Fram til maí 2014 eru formenn nefnda þessir: Vallarnefnd Stefán Tryggvason, Frjálsíþróttanefnd Sigurður J. Freygarðsson, Ballnefnd Ósk Helgadóttir, Húsnefnd Arnór Erlingsson, Íþróttanefnd Nanna Þórhallsdóttir, Spilaneftnd Torfhildur Sigurðardóttir, Knattspyrnunefnd Jóhannes Kristjánsson og Ferðaþjónustunefnd Sigrún Jónsdóttir. Á vormánuðum 2014 verður nefndarskipan endurskoðuð.

Stjórn Bjarma mætti á Ársþing HSP sem haldið var að þessu sinni á Grenivík þann 10. mars. Þingið var áhugavert og málefnalegt.

Starfsemi Bjarma var fjölbreytt á árinu 2013. Mjög góð mæting var á þrjú spilakvöld sem haldin voru í mars og í apríl. Fundahöld í apríl og maí ásamt því að formaður mætti á námskeið varðandi Felix. Þá var vinnufundur á Bjarmavelli í júní þar sem plötur voru settar á pallinn og dittað var að húsinu fyrir sumarið en óvenju lítið var um að hópar leigðu tjaldsvæði Bjarma í sumar.

Bjarmi stóð fyrir íþróttæfingum í Stórutjarnaskóla á árinu í samvinnu við Gaman og Alvöru og Eininguna. Voru æfingarnar vel sóttar af nemendum en á þessu ári var boðið upp á krakkablak, sund, blandaðar íþróttir, körfubolta, badminton og blak eldri.

Einhverjur stunduðu sund, frjálsar eða bogfimi á Laugum.

Í sumar var leikjanámskeið fyrir yngri börn á Bjarmavelli og var það ágætlega sótt. Þá hittust nokkur ungmanni tvívar í viku og spilaðu fótbalta á Bjarmavelli sér til skemmtunar, hélt knattspyrnunefnd Bjarma utan um þá tíma. Einnig sóttu Bjarmabörn frjálsíþróttæfingar á Laugum, en sáu foreldrar um keyrslu á þær æfingar. Þá fóru tvö börn frá Bjarma á UML á Höfn og gekk þeim vel þrátt fyrir hífandi rok og lítinn svefn. Formaður Bjarma brá sér á Selfoss á Stóra-Landsmótið og keppti í mjög svo skemmtilegu starfshlaupi. En rok og rigning einkenndi mótið.

Þá stunduðu Bjarmafélagar ýmsar almenningsíþróttir s.s. sund, hlaup, göngur, fótbalta, skák, fjallgöngur og akstursíþróttir. Þá er alltaf einhver hópur Bjarmafélaga sem sækir skipulagðar æfingar á vegum annarra félaga. Að öðrum ólöstuðumn nefni ég Hafðísi okkar sem er frábær fyrirmýnd og stórkostleg íþróttakona en hún hefur staðið sig einstaklega vel á árinu.

Eins og tvö undanfarin ár endaði Fjögurraskóghalaup Björgunarsveitarinnar Þingeyjar á Bjarmavelli en það var haldið 27. júlí og var þátttaka mjög góð enda veðrið frábært.

Einhverjur nýttu sér tjaldstæði Bjarma að þessu tilefni.

Hin árlega Bjarmahátíð var haldin þriðjudaginn 20. ágúst. Að þessu sinni var allur dagurinn lagður undir og boðið upp á göngu á Hálshnjúk, sund á Illaugastöðum, göngu um trjásafnið í Vaglaskógi, hjólreiðatúr frá Mörk út á Bjarmavöll og kvöldskemmtun á vellinum. Þar var meðal annars farið í ratleik, keppt í reiptogi og húllað. Endaði kvöldið á



lautarferð þar sem kvöldkaffi var drukkið og sunginn fjöldasöngur við kertaluktir og stjörnubjartan himinn.

Stéttarfélagið Framsýn gaf Umf. Bjarma peninga til kaupa á íþróttatækjum. Meðal þess sem keypt var fyrir peninginn var æfingahjól, handlóð, æfingabolti og æfingateyjur sem nú er hluti af tækjabúnaði á Líkamsræktarstöð Stórutjarnaskóla. Hvetjum við alla til að notfæra sér þessa finu aðstöðu til líkamsræktar en stöðin er opinn á skólatíma og þegar sundlaugin er opin. Bjarmi þakkar Framsýn kærlega fyrir styrkinn.

Bjarmi fékk einnig styrk frá Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar til þess að bæta aðstöðu á Bjarmavelli og einnig til blak-boltakaupa. Færum við nefndinni bestu þakkir.

Árið 2014 er stórt ár í sögu íþrótta í Þingeyjarsýslum en HSP var stofnað 1914 og verður því 100 ára á árinu. Að því tilefni verður haldin afmælishátíð 2. nóvember. Ýmsir aðrir viðburðir verða einnig á svæði HSP í tilefni afmælisins. Stærsti viðburður afmælisársins er Landsmót 50+ sem haldið verður á Húsavík og nágrenni helgina 20-22 júní. Vonum við að sem flestir Bjarmafélagar bæði 50+ og yngri, sjái sér fært að kíkja á þá dagskrá sem þar verður í boði.

Unglingalandsmót 2014 verður haldið á Sauðárkróki um Verslunarmannahelgina. ULM er frábær skemmtun hvort heldur sem maður fer sem keppandi eða gestur.

Stjórnin þakkar nefndum Bjarma gott starf á árinu og hvetur félagsmenn sína til að stunda hreyfingu sjálfum sér til heilsueflingar.

Stjórn Bjarma

## Ungmennafélagið Efling

Íþróttastarf á vegum Eflingar yfir vetrartímann hefur að venju snúist að mestu um að þjónusta grunnskólabörn. Í haust var farið í enn meira samstarf við grunnskólann og boðið upp á íþróttatíma í framhaldi af skóla þrisvar í viku og eitt þeirra skipta innan skólatíma, þar sem yngstastig og miðstig sóttu íþróttæfingar á vegum Eflingar, þar sem íþróttabraut framhaldsskólans sá um þjálfun undir stjórn íþróttakennara skólans, en elsta stigið var á sama tíma í vali, þar sem m.a. var í boði leiklistarnámskeið á vegum Eflingar fyrir þá sem höfðu áhuga.

Í sumar var boðið upp á tveggja vikna leikjanámskeið fyrir 6 ára og yngri auk þess voru fótbaltaæfingar í júní og júlí fyrir 6-12 árabörn. Frjálsar íþróttir voru svo stundaðar undir merkjum HSP á Laugum.

Um 12 manns stunda skipulagðar æfingar á vegum Umf. Eflingar í bogfimi. Þá hefur Umf. Efling staðið fyrir byrjendanámskeiðum í íþróttinni á Húsavík og meðlimir hafa æft stöku sinnum með bogaskyttum á Akureyri. Liðsmenn Eflingar hafa einungis keppt í sveigbogaflokki en enginn æfir með trissuboga. Nokkrir meðlimir

eiga langboga til æfinga og skemmtunar þó þeir hafi alltaf keppt með sveigbogaflokk sem aðalflokk.

Árangur í stærstu móturnum ársins 2013



### Íslandsmót innanhúss

Gull (íslandsmeistaratitill) í opnum flokki karla

Gull (íslandsmeistaratitill) í barnaflokki ásamt silfri og bronsi.

### Íslandsmót utanhúss

Silfur (íslandsmeistaratitill) í opnum flokki karla.

Gull (íslandsmeistaratitill) í barnaflokki ásamt silfri og bronsi.

### Gull á Reykjavík International Games

RIG er sterkasta mótið sem haldið er hér á landi þar sem þónokkrir erlendir keppendur koma til að taka þátt. Það var í fyrsta skipti í ár sem Íslendingur sigrar mótið í sveigbogaflokki og var það skytta úr röðum Eflingar.

Gríðarlegur uppgangur er í íþróttinni, félög eru nú staðsett á Sauðárkróki, Akureyri, Reykjadal og Skotfélag Egilstaða hefur hafið æfingar í bogfimi. Þá eru Reyðfirðingar byrjaðir að æfa og nýtt félag í Kópavogi, Boginn, hefur verið stofnað þar sem sprenging hefur orðið í íþróttinni, en yfir 200 manns eru nú skráðir í það félag.

Ekkert leikrit var sett upp á vegum leikdeildar Eflingar árið 2013, en leikdeildin stóð fyrir leiklistarnámskeiði í haust undir stjórn leikarans og leikstjórans Jennýjar Láru Arnórssdóttur. Það var nokkuð vel sótt og endaði með sýningu á afrikstrinum á Breiðumýri. Námskeiðið var að nokkru leiti hugsað sem undirbúningur fyrir þá sem vildu taka þátt í uppsettingu á frumsömdu leikverki eftir Hörð Þór Benónýsson með tónlist eftir Jaan Alavere sem hófust æfingar á nú í janúar 2014, en Jenný Lára Arnórssdóttir var ráðin leikstjóri.

Umhverfisnefnd var með sinn árlega hreinsunardag í sumar og fór hópur fólks gangandi meðfram aðalvegum í nágrenni þéttbýlisins á Laugum. Eftir að hreinsun var lokið bauð umhverfisnefndin hreinsunarfólk uppi á grillaðar pylsur og gos.

17. júní var haldinn hátíðlegur með hefðbundnum hætti í blíðskapardeiði á Laugavelli, þar sem fjallkonan flutti m.a. erindi, farið var í leiki, seldar gasblöðrur og fánar og grillaðar pylsur. Á eftir formlegum hátíðarhöldum var svo bíósýning fyrir börn í Þróttó og kaffihlaðborð í Dalakofanum. Frítt var í sundlaugina á Laugum í boði Þingeyjarsveitar.



Hlauparar Friðarhlaupsins 2013 komu við hjá okkur á Laugum, þar sem nokkrir fulltrúar Eflingar og Þingeyjarsveitar tóku á móti þeim, hlupu með þeim hring á íþróttavellinum og svo gróðursettu þeir tré innan girðingar sundlaugarinnar, en Þingeyjarsveit keypti platta sem var settur við tréð til minnis um þessa heimsókn. Hlaupararnir fengu svo að gista í Litlulaugaskóla áður en þeir héldu leið sinni áfram.

Hin árlega jólavist Eflingar var haldin milli jóla

og nýars á Breiðumýri þar sem var spilað á 10 borðum og fólk á öllum aldri átti saman góða kvöldstund.

Stjórn Umf. Eflingar

## Ungmennafélagið Einingin

Þorrablót var haldið í byrjun þorra og var mæting góð. Þrír fulltrúar Einingarinnar mættu á ársþing 2013 á Grenivík. Áætlað var að hafa heilsu- og íþróttanámskeið fyrir börn og unglings s.l. sumar en annir og ytri aðstæður urðu þess valdandi að því var frestað til sumarsins 2014.



Einingin og Gaman og alvara tóku á móti stjórn HSP sem fundaði í Kiðagili. Gerðu félögin stjórn grein fyrir starfi sínu og var spjalla um ýmsilegt sem viðkom félögunum og HSP. Vill undirrituð hrósa stjórn HSP fyrir að koma með stjórnarfundi út til félaganna. Þetta er skemmtilegt og gerir tengsl milli félaganna og HSP sterkari.

Fótbolti var spilaður vikulega á Einingarvellinum í sumar og var þátttaka með lakara móti. Einingarmeðlimir ásamt fleiri fótbaltaáhugamönnum spiluðu einnig fótbolta einu sinni í viku s.l. veturni í íþróttahúsini á Laugum. Nokkrir krakkar æfa frjálsar íþróttir annarstaðar og eru duglegir að mæta á íþróttamót. Eins taka nokkrir krakkar þátt í hreyfingu á Stórutjörnum sem ungmennafélagið Bjarmi stendur fyrir.

Íþróttamenn frá Einingunni stóðu sig að venju með miklum sóma hvar sem þeir tóku þátt á móturnum og stóðu sig vel. Eins og áður stóð Þorsteinn Ingvarsson sig vel á móturnum innanlands sem utan enda fyrirmynnar íþróttamaður í alla staði.

Fyrir hönd Ungmennafélagsins Einingarinnar  
Sigurlína Tryggvadóttir

## Ungmennafélagið Geisli

Starfsemi Geisla var með hefðbundu sniði og undanfarin ár. Aðalstarfsemin snýst um knattspyrnu og voru haldnar innanhúsæfingar yfir vetrartímann fyrir 12 ára og yngri.

Um sumarið voru eingöngu æfingar fyrir 12 ára og yngri og voru þær tvísvar í viku. Mæting var þokkaleg fyrri hluta sumars en lakari þegar leið á sumarið.

Hjá okkur er orðið frekar fámennt í sumum aldursflokkum og aldursbilið nokkuð á æfingum. Þá fara nokkrir krakkar til Húsavíkur og æfa með Völsungi og geta þá verið að æfa með sínum jafnöldrum.

Ekkert utanhúsknattspyrnumót var haldið á vegum HSP á árinu og tókum við því ekki þátt í neinu móti. Starfsemin hjá féluginu snýst eingöngu knattspyrnu og því var ekkert annað um að vera.

Aðsókn að tjaldsvæði félagsins var þokkaleg í sumar.

Árni Garðar Helgason  
formaður

## **Ungmennafélagið Leifur heppni**

Árið 2013 byrjaði á þrettándagleði í Skúlagarði. Þetta árið var ákveðið að hafa ekki brennu heldur einungis grímuball seinni part sunnudagsins 6. janúar fyrir börnin og allir velkomnir. Var skemmtunin vel sótt af Keldhverfum, Öxfirðingum og Kópaskersbúum og lék Sigurður Tryggvason fyrir dansi.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars og lét þáverandi formaður af störfum Inga Fanney Sigurðardóttir og tók Magnea Dröfn Hlynssdóttir við af henni, áfram sitja Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Stefán Viðar Sigtryggsson.

Íþróttæfingar byrjuðu svo í lok maí og voru tvívar í viku fram að verslunarmannahelgi. Þjálfarar voru Friðbjörn Bragi Hlynsson og Silja Rún Stefánsdóttir.

Ásbyrgismótið sem er helsti viðburður sumarsins hjá Ungmennafélaginu sem og nágrannafélögnum var haldið 12. - 14. júlí og gekk það vel, en nú hefur verið stofnuð nefnd um mótið þar sem einn nefndarmeðlimur úr hverju félagi á þessu svæði sitja í nefndinni og koma að skipulagningu.

Þá eru störf Ungmennafélagsins upptalin þetta árið.

**Stjórn Leifs heppna**

## **Ungmennafélagið Snörtur**

Engin starfsemi var hjá Snerti síðasta ár og verður ekki þetta árið heldur nema að eitthvað breytist

**Guðmundur Magnússon**

## **Eftirtalin félög skiluðu ekki ársskýrslu:**

**Golfklúbburinn Gljúfri**

**Hestamannafélagið Þjálfí**

**Íþróttafélag Laugaskóla**

**Ungmennafélagið Afturelding**

**Ungmennafélag Bakkafjarðar**

**Ungmennafélagið Gaman og alvara**

**Ungmennafélagið Reykhverfugur**

**Ungmennafélag Tjörnesinga**

**Boltafélag Húsavíkur**

Frá setningu landsmóts UMÍ, sem fór fram innandyra vegna aftakaveðurs.  
Bæðið eftir að athöfnin hefist.



## Ráð og nefndir HSP 2013

### **Frjálsíþróttaráð**

Ágústa Pálsdóttir, formaður  
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir, gjaldkeri  
Hulda Elín Skarphéðinsdóttir, ritari  
Lilja Hrund Harðardóttir  
Arna Ásgeirs dóttir

### **Afmælisnefnd**

Haraldur Bóasson, formaður  
Hólmfríður Halldórsdóttir  
Stefán Eggertsson

### **Almenningsíþróttanefnd**

Guðrún Ólafia Brynleifsdóttir, formaður  
Bjarni Jónasson  
Selmdís Þráinsdóttir

### **Knattspyrnunefnd**

Linda Margrét Baldursdóttir, formaður  
Elín Málfríður Gunnsteinsdóttir

### **Landmótsnefnd Selfoss 2013**

Halldóra Gunnarsdóttir, formaður  
Kristján Þ. Halldórsson  
Ingólfur Víðir Ingólfsson  
Jóhanna Kristjánsdóttir  
Jóakim Júlíusson

### **Landsmótsnefnd 50+**

Bergur Elías Ágústsson, formaður  
Hjálmar Bogi Hafliðason  
Baldur Danielsson  
Hermann Aðalsteinsson  
Jóhanna S. Kristjánsdóttir  
Torfhildur G. Sigurðardóttir  
Anna Sigrún Mikaelsdóttir

### **Sundnefnd**

Elísabet Sigurðardóttir, formaður  
Járnbrá Björg Jónsdóttir  
Margrét Magnúsdóttir  
Margrét G. Þórhallsdóttir

### **Sögu- og minjanefnd**

Haraldur Bóasson, formaður  
Björn Ingólfsson  
Arngrímur Geirsson  
Brynjar Halldórsson

### **Unglingalandsmótsnefnd**

Jóhanna S. Kristjánsdóttir  
Stefán Jónasson